
Félagsvísindastofnun



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Einelti og kynferðisleg áreitni í Háskóla Íslands

Unnið fyrir Jafnréttisnefnd HÍ

Mars 2004

Andrea G. Dofradóttir
Kristjana Stella Blöndal
Friðrik H. Jónsson

Efnisyfirlit

I.	FORMÁLI.....	3
II.	SAMANTEKT Á HELSTU NIÐURSTÖÐUM.....	5
III.	INNGANGUR.....	7
IV.	AÐFERÐ.....	9
IV.1	Þátttakendur	9
IV.2	Spurningalisti og mælingar	10
	Mælingar á einelti og kynferðislegri áreitni.....	10
IV.3	Úrvinnsla og tölfræðileg próf	13
V.	NIÐURSTÖÐUR.....	15
V.1	Bakgrunnspættir þátttakenda	15
	Samanburður á svarendum og þýði.....	18
V.2	Einelti meðal nemenda og starfsfólks í Háskóla Íslands	19
	Einelti meðal nemenda.....	19
	Einelti meðal starfsfólks.....	26
	Einelti meðal nemenda og starfsfólks – niðurstöður fyrir heildarhópinn.....	34
V.3	Kynferðisleg áreitni meðal nemenda og starfsfólks í Háskóla Íslands	37
	Kynferðisleg áreitni meðal nemenda.....	37
	Kynferðisleg áreitni meðal starfsfólks	42
	Kynferðisleg áreitni meðal nemenda og starfsfólks – niðurstöður fyrir heildarhópinn	47
V.4	Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands.....	49
VI.	SAMANTEKT OG UMRÆÐA	51
VI.1	Einelti meðal nemenda og starfsfólks Háskóla Íslands	51
	Almenn spurning um einelti	51
	Mælikvarði á einelti (Negative Acts Questionnaire)	51
	Neikvæðar athafnir og athugasemdir	52
	Kynjamunur	53
	Aldursmunur	53
	Annar munur	54
	Vitni að einelti	55
VI.2	Kynferðisleg áreitni meðal nemenda og starfsfólks Háskóla Íslands	55
	Almenn spurning um kynferðislega áreitni	55
	Mælikvarði á kynferðislega áreitni	55
	Neikvæðar athafnir og athugasemdir af kynferðislegum toga.....	56
	Kynjamunur	56
	Aldursmunur	56
	Annar munur	57

Vitni að kynferðislegri áreitni	57
VI.3 Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands.....	57
VI.4 Um áhrif svarhlutfalls og samsetningu úrtaks	57
VII. HEIMILDIR.....	59
VIII. VIÐAUKAR.....	61

I. Formáli

Með þessari skýrslu er verið að fylgja eftir samþykkt háskólaráðs frá 16. júní 1998 um aðgerðir til að fyrirbyggja og taka á kynferðislegri áreitni innan Háskóla Íslands. Þar segir: „Kynferðisleg áreitni verður ekki liðin í Háskóla Íslands, hvorki meðal nemenda né starfsfólks ... tryggður skal réttur allra sem verða fyrir slíkri áreitni í Háskóla Íslands til að leita til sérstakra aðila sem leiti leiða til að rétta hlut þess sem misgert hefur verið við.“ Áður en ráðist var í þessa rannsókn hafði margt verið gert á vegum jafnréttisnefndar til að stemma stigu við kynferðislegri áreitni. Jafnréttisnefnd stofnaði starfshóp til að vinna að þessum málum sem hóf störf árið 1998. Fyrir hópnum fór Edda Magnúsdóttir en auk hennar áttu þar sæti Rósa Erlingsdóttir jafnréttisfulltrúi, Valgerður Edda Benediktsdóttir, Arnfríður Ólafsdóttir og Lilja Þorgeirsdóttir auk fulltrúa stúdenta. Hann mótaði hugmyndir að aðgerðum gegn kynferðislegri áreitni, stýrði fræðsluátaki um málið og gerði m.a. bækling um stefnu Háskóla Íslands í málum um kynferðislega áreitni þar sem fram komu skilgreiningar, staðreyndir, úrræði og kvörtunarleiðir. Þessum bæklingi hefur síðan verið dreift reglulega til starfsfólks og nemenda. Fræðsluátakið fólst m.a. í að fá sænskan sérfræðing, Ninni Hagmann, til að fræða starfsfólk Háskólans um einkenni, goðsagnir, viðbrögð og úrræði í tengslum við kynferðislega áreitni og þjálfa það til ráðgjafar og greiningar. Því má segja að áður en ráðist var í könnunina hafði mikið fræðslu- og forvarnarstarf meðal starfsfólks átt sér stað.

Þetta er í fyrsta skipti sem íslenskur háskóli rannsakar þessi viðkvæmu mál í sínum ranni og ber þessi aðgerð vott um frumkvæði, virkar jafnréttishugsjónir og umhyggju fyrir skjólstæðingum sínum. Að lokum er vert að færa rektor og Félagi háskólakennara bestu þakkir fyrir að styrkja framkvæmd og úrvinnslu þessarar rannsóknar, Félagsvísindastofnun fyrir vel unnið verk og öllum öðrum er komu að verkefninu.

Baldur Þórhallsson, formaður jafnréttisnefndar

Berglind Rós Magnúsdóttir, starfandi jafnréttisfulltrúi

II. Samantekt á helstu niðurstöðum

Tíðni eineltis í HÍ

- Tæplega 3% nemenda og 4% starfsfólks töldu sig þolendur eineltis í HÍ á undangengnum 6 mánuðum.
- Um 7% bæði nemenda og starfsfólks HÍ höfðu orðið fyrir *einni eða fleirum* athafna eða athugasemda eineltiskvarðans *vikulega eða oft* á undangengnum sex mánuðum.
- Um 3% bæði nemenda og starfsfólks höfðu orðið fyrir að minnsta kosti *tveimur athöfnum vikulega eða oft* á undangengnum sex mánuðum.
- Misjafnt var eftir athöfnum eða athugasemdum eineltiskvarðans hversu algengt var að nemendur og starfsfólk HÍ teldu að þeim hafi verið beint gegn sér í námi sínu eða starfi í HÍ á undangengnum sex mánuðum.
- Um 9% nemenda og ríflega 13% starfsfólks höfðu orðið vitni að einelti í HÍ á undangengnum sex mánuðum.
- Almennt var ekki kynjamunur á tíðni eineltis í HÍ, en þó voru hlutfallslega fleiri konur en karlar sem töldu að legið hafi verið á upplýsingum sem hafði áhrif á frammistöðu þeirra, töldu sig hafa fengið fyrirmæli um að vinna verkefni sem ekki voru samboðin hæfni sinni og hafa mátt þola óviðráðanlegt vinnuálag öðru hverju eða oft á undangengnum sex mánuðum.
- Munur var eftir aldurshópum á hlutfalli þeirra sem töldu sig hafa upplifað að einni eða fleirum af athöfnum eineltiskvarðans hafði verið beint gegn sér öðru hverju eða oft á undangengnum sex mánuðum.
- Munur var á tíðni eineltis eftir störfum fólks innan HÍ sem og á tíðni tiltekinna neikvæðra athafna og athugasemda eineltiskvarðans.

Tíðni kynferðislegrar áreitni í HÍ

- Tæplega 3% nemenda og 1% starfsfólks töldu sig þolendur kynferðislegrar áreitni í HÍ á undangengnum 6 mánuðum.
- Á bilinu 14-16% nemenda og starfsfólks HÍ höfðu upplifað að *einni eða fleirum* athafna eða athugasemda áreitniskvarðans hafi verið beint gegn sér *einu sinni eða oft* á undangengnum sex mánuðum.
- Á bilinu 7-8% nemenda og starfsfólks höfðu upplifað að *einni eða fleirum* athafna eða athugasemda áreitniskvarðans hafi verið beint gegn sér *tvisvar sinnum eða oft* á undangengnum sex mánuðum.
- Misjafnt var eftir athöfnum eða athugasemdum áreitniskvarðans hversu algengt var að nemendur og starfsfólk HÍ teldu að þeim hafi verið beint gegn sér í námi sínu eða starfi í HÍ á undangengnum sex mánuðum.

- Um 2% nemenda og ríflega 3% starfsfólks höfðu orðið vitni að kynferðislegri áreitni í HÍ á undangengnum sex mánuðum.
- Almennt var ekki kynjamunur á tíðni kynferðislegrar áreitni í HÍ, en þó höfðu hlutfallslega fleiri konur en karlar upplifað gláp eða óþægilegt augntillit af kynferðislegum toga.
- Munur var eftir aldurshópum á hlutfalli þeirra sem töldu sig hafa upplifað að einni eða fleirum af athöfnum áreitniskvarðans hafði verið beint gegn sér einu sinni eða oftar á undangengnum sex mánuðum.

III. Inngangur

Í þessari skýrslu eru kynntar niðurstöður úr könnun á samskiptum nemenda og starfsfólks í Háskóla Íslands sem unnin var fyrir Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands. Könnunin var lögð fyrir úrtak nemenda og starfsfólks Háskólans á vormánuðum 2003. Meginmarkmiðið með könnuninni, sem bar yfirskriftina „Könnun á líðan og samskiptum nemenda og starfsfólks Háskóla Íslands“, er að kanna tíðni eineltis og tíðni kynferðislegrar áreitni meðal nemenda og starfsfólks skólans.

Meginrannsóknarspurningar voru eftirfarandi:

- 1a. Hver er tíðni eineltis meðal nemenda og starfsfólks Háskóla Íslands?
- 1b. Hver er tíðni eineltis meðal nemenda og starfsfólks Háskóla Íslands eftir kyni þeirra, aldri og öðrum bakgrunnspáttum, svo sem deild sem nemendur eru skráðir í við skólann, starfi, uppruna, kynhneigð og fötlun eða hömlun?

- 2a. Hver er tíðni kynferðislegrar áreitni meðal nemenda og starfsfólks Háskóla Íslands?
- 2b. Hver er tíðni kynferðislegrar áreitni meðal nemenda og starfsfólks Háskóla Íslands eftir kyni þeirra, aldri og öðrum bakgrunnspáttum, svo sem deild sem nemendur eru skráðir í við skólann, starfi, uppruna, kynhneigð og fötlun eða hömlun?

Meginmál skýrslunnar skiptist í þrjú hluta. Í fyrsta hluta er aðferð rannsóknarinnar lýst, þátttakendum hennar, þeim mælingum sem byggt er á og úrvinnsluaðferðum. Í öðrum hluta eru niðurstöður rannsóknarinnar kynntar og í þriðja og síðasta hlutanum er samantekt á helstu niðurstöðum.

IV. Aðferð

Í þessum hluta er greint frá þátttakendum rannsóknarinnar, spurningalistanum og þeim mælingum sem lagðar voru til grundvallar. Þá er greint frá úrvinnsluaðferðum og framsetningu niðurstaðna.

IV.1 Þátttakendur

Spurningalisti var sendur í pósti til 600 starfsmanna og 650 nemenda Háskóla Íslands, þar af 50 erlendra skiptinema, sem valdir voru af handahófi úr þýði starfsfólks og nemenda skólans. Þeir sem voru skráðir erlendir stúdentar og skiptinemar fengu senda ensku útgáfu af spurningalistanum. Þar sem spurningar um einelti og kynferðislega áreitni miðast við reynslu þátttakanda yfir sex mánaða tímabil var þýði nemenda og starfsfólks skilgreint út frá eftirfarandi viðmiðum:

Þýði nemenda Allir nemendur HÍ sem tóku próf á haustmisseri 2002 og voru skráðir í nám á vormisseri 2003 samkvæmt Nemendaskrá HÍ, auk 157 erlendra skiptinema sem voru skráðir í skólann á haustmisseri 2002 og vormisseri 2003, alls 6.079 nemendur.

Þýði starfsfólks Allt fastráðið starfsfólk skólans samkvæmt starfsmannaskrá 1. apríl 2003 og sem höfðu verið í starfi í að minnsta kosti sex mánuði, fyrir utan þá voru í leyfi, svo sem rannsóknarleyfi, launalaus leyfi, barnsburða- og námsleyfi. Í þýðinu voru einnig stundakennarar, sem höfðu fengið greitt fyrir 25 stunda vinnu eða meira á skólaárinu 2002 til 2003, sem og lausráðið ræstingarfólk. Fjöldi í þýði starfsfólks var því 1.252.

Tafla 4.1 Úrtaksupplýsingar og svarhlutfall

	Nemendur	Starfsfólk
Fjöldi í þýði	6.079	1.252
Fjöldi í úrtaki	650	600
Fjöldi svarenda	257	361
Svarhlutfall	40%	60%

Heimtur Spurningalistar voru sendir til þátttakenda í apríl 2003. Til að tryggja sem besta svörun meðal nemenda og starfsmanna voru send ítrekunarbréf með netpósti sem og með bréfpósti. Ítrekað var þrisvar sinnum með netpósti vorið og sumarið 2003. Gagnasöfnun lauk með því að bréf ásamt spurningalista var sent í pósti til þátttakenda í október 2003 þar sem þess var farið á leit að þeir sem ekki hefðu þegar svarað listanum og sent Félagsvisindastofnun gerðu það við fyrsta tækifæri. Alls bárust 257 svör frá nemendum (40% svarhlutfall) og 361 svar frá starfsfólki (60% svarhlutfall).

IV.2 Spurningalisti og mælingar

Spurningalistinn, sem stuðst var við í rannsókninni, innihélt spurningar um einelti og kynferðislega áreitni (sjá nánar kafla hér að neðan um mælingar á einelti og kynferðislegri áreitni). Jafnframt voru spurningar sem tengdust reynslu þeirra sem töldu sig hafa orðið fyrir einelti eða kynferðislegri áreitni og öðrum slíkum neikvæðum athöfnum eða athugasemdum. Einnig voru þeir sem töldu sig hafa verið beitta einelti eða kynferðislegri áreitni beðnir að tilgreina hvort þeir teldu tiltekin atriði, svo sem kyn sitt og aldur, tengjast eineltinu eða áreitninni og um áhrif þess á sig. Þá voru þátttakendur spurðir hvort þeir hefðu orðið vitni að einelti og áreitni og beðnir að leggja mat á ástæður eineltisins eða áreitninnar sem þeir urðu vitni að. Auk þessa voru nokkrar spurningar um bakgrunn þátttakenda, svo sem um kyn, aldur, kynhneigð, fötlun eða hömlun og uppruna. Nemendur voru spurðir í hvaða deild þeir voru og starfsfólk um menntun og starf í HÍ. Að lokum var spurt tveggja spurninga um þekkingu á jafnréttisáætlun HÍ (sjá spurningalista í viðauka).

Mælingar á einelti og kynferðislegri áreitni

Í könnuninni var einelti og kynferðisleg áreitni mælt á tvennskonar hátt. Annars vegar með einni almennri mælingu og hins vegar með mælikvarða sem algengir eru í erlendum rannsóknum. Erlendir fræðimenn á þessu sviði hafa mælt með því að rannsóknir á einelti og öðrum streituvöldum í starfi feli í sér báðar gerðir mælinga (Einarsen, 2000; Hoel, Rayner og Cooper, 1999; Kristensen, 1996; Frese og Zapf, 1988).

Ein almenn spurning um einelti og kynferðislega áreitni

Eftir að hafa lesið skilgreiningu á einelti og kynferðislegri áreitni voru þátttakendur beðnir um að taka afstöðu til þess hvort og hversu oft þeir teldu sig hafa orðið fyrir einelti og/eða kynferðislegri áreitni á síðastliðnum sex mánuðum í námi sínu eða starfi í HÍ. Notast var við eftirfarandi skilgreiningar á einelti og kynferðislegri áreitni. Fyrirmyndir af þessum skilgreiningum má finna í erlendum rannsóknum á þessu sviði (sjá til dæmis í Einarsen og Skogstad, 1996 og Einarsen og Sørum, 1996).

Einelti felur í sér...

...síendurteknar meiðandi athugasemdir og/eða athafnir sem standa yfir ákveðið tímabil og sem beint er gegn einstaklingi eða hópi fólks sem á erfitt með að verjast því.

Kynferðisleg áreitni felur í sér...

...meðvitaðar og/eða endurteknar athugasemdir, athafnir eða líkamlega snertingu af kynferðislegum toga sem eru óvelkomnar, ósanngjarnar, móðgandi og/eða særandi fyrir þann sem verður fyrir þeim.

Mælikvarðar fyrir einelti og kynferðislega áreitni

Í mælikvörðum á einelti og kynferðislegri áreitni er spurt um hvort og þá hversu oft viðkomandi telji sig hafa upplifað að tilgreindar neikvæðar athafnir og/eða athugasemdir hafi beinst gegn sér. Eineltið eða áreitnin er því mæld með ákveðnum fjölda atriða sem mynda kvarða. Þýddir voru erlendir mælikvarðar á einelti (Einarsen og Raknes, 1997) og kynferðislega áreitni í starfsumhverfinu (Einarsen og Sørum, 1996).

Mælikvarði á einelti (*Negative Acts Questionnaire*)

Kvarðinn sem þýddur var og notaður í þessari könnun til mælinga á einelti kallast *Negative Acts Questionnaire* og er hannaður af Dr. Ståle Einersen, háskólanum í Bergen í Noregi. Kvarðinn hefur verið notaður í rannsóknum á einelti í starfi í Noregi, Danmörku og Bretlandi (Einarsen og Raknes, 1997; Hoel, Cooper og Faragher, 2001; Mikkelsen og Einarsen, 2001). Kvarðinn inniheldur 22 atriði um neikvæðar athafnir eða athugasemdir sem taldar eru geta fallið í sér einelti og er svarandi beðinn að meta hversu oft á síðastliðnum sex mánuðum þessar athafnir eða athugasemdir hafi beinst gegn honum. Svarmöguleikarnir eru *aldrei*, *öðru hverju*, *mánaðarlega*, *vikulega* og *daglega*. Spurt er um neikvæðar athafnir eða athugasemdir sem fela í sér eftirfarandi:

- Að legið er á upplýsingum sem hefur áhrif á frammistöðu
- Að vera úthlutað verkefnum sem ekki eru samboðin hæfni eða vera svipt ábyrgð á mikilvægum verkefnum
- Að verða fyrir óhóflegri gagnrýni á vinnu og framlag
- Fá ábendingar um að hætta starfi eða námi og gert er lítið úr eða hæðst að viðkomandi í tengslum við starf eða nám
- Búa við óviðráðanlegt vinnuálag og/eða vera úthlutað verkefnum með óraunhæfum markmiðum og tímamörkum
- Að fylgst er óeðlilega mikið með vinnu einstaklings
- Að vera beittur þrýstingi um að leita ekki réttar síns
- Að lítið sé gert úr eða hæðst að persónu viðkomandi
- Að slúðri og orðrómi er komið af stað um viðkomandi
- Viðkomandi er hunsaður og skilinn útundan
- Að fá móðgandi eða særandi athugasemdir um sig, skoðanir sínar eða einkalíf
- Að verða fyrir ögrandi hegðun, svo sem fingrabendingar, viðkomandi er hrint eða staðið í vegi hans
- Að öskrað er á viðkomandi eða hann er skotspónn reiðikasts
- Að verða fyrir endurteknum ásökunum og ábendingum um glappaskot eða mistök
- Að skoðanir og viðhorf eru hunsuð
- Að verða fyrir hrekkjum, óeðlilega mikilli stríðni eða hæðni
- Að fá hótun um ofbeldi eða líkamlega valdbeitingu eða valdbeiting

Til að meta gæði kvarðans var áreiðanleiki (*reliability*) hans mældur. *Cronbach's alpha* sýnir að kvarðinn er mjög áreiðanlegur, *Cronbach's alpha*=0,95.

Mælikvarði á kynferðislegri áreitni

Mælikvarðinn á kynferðislegri áreitni er einnig hannaður af Dr. Ståle Einersen, háskólanum í Bergen í Noregi. Kvarðinn hefur verið notaður í rannsóknum á kynferðislegri áreitni í Noregi og í Bandaríkjunum (Einarsen og Sørum, 1996). Hann inniheldur 11 atriði um neikvæðar athafnir eða athugasemdir af kynferðislegum toga og er svarandi beðinn að meta hversu oft á síðastliðnum sex mánuðum þessar athafnir eða athugasemdir hafi beinst gegn honum. Svarmöguleikarnir eru *aldrei, einu sinni, 2-5 sinnum, og oftár en 5 sinnum*. Spurt er um athafnir eða athugasemdir af kynferðislegum toga sem viðkomandi kærir sig ekki um og sem fela í sér eftirfarandi:

- Athugasemdir um líkama, klæðnað eða lífsstíl eða annar konar athugasemdir af kynferðislegum toga
- Að sjá myndir eða niðrandi efni
- Orðróm af kynferðislegum toga er komið af stað um viðkomandi
- Gláp eða annað óþægilegt augntillit
- Símtöl eða bréf sem viðkomandi kærir sig ekki um
- Líkamlega snertingu
- Óþægilega áleitni sem felur ekki í sér hótun eða loforð um umbun
- Tillögu eða kröfu um kynferðislegt samneyti gegn umbun
- Kröfu um kynferðislegt samneyti sem fylgir hótun um refsingu eða höft af einhverju tagi sé kröfunni neitað
- Kynferðislega valdbeitingu, tilraun til nauðgunar eða nauðgun

Fundinn var áreiðanleiki (*reliability*) kvarðans til að meta gæði hans. *Cronbach's alpha* sýndi að kvarðinn er mjög áreiðanlegur, Cronbach's alpha=0,90.

Við mat á tíðni eineltis og kynferðislegrar áreitni voru þátttakendur beðnir að miða við síðastliðna sex mánuði. Miðað var við sex mánaða tímabil vegna þess að ein af megin víddum í skilgreiningum á einelti er að einelti feli í sér síendurtekna neikvæða hegðun sem á sér stað yfir nokkurn tíma (þ.e. er langvarandi ástand) gagnvart einstaklingi eða hópi fólks (sjá til dæmis umfjöllun um þetta í Andreu G. Dofradóttur, 2001 og Dofradóttir og Høgh, 2002). Algengt er að fræðimenn á þessu sviði noti þennan tímaramma í rannsóknum sínum (Agervold og Mikkelsen, 1999; Björkqvist, Österman og Hjelt-Bäck, 1994; Einarsen og Raknes, 1997; Einarsen og Skogstad, 1996; Hoel, Cooper og Faragher, 2001; Leymann, 1992; Mikkelsen og Einarsen, 2001).

Í öðru lagi var miðað við sex mánaða tímabil í mælingum á einelti og kynferðislegri áreitni til þess að hægt væri að leggja mat á tíðni eineltis og kynferðislegrar áreitni á ákveðnu tímabili. Þar sem könnunin var framkvæmd á vormánuðum 2003 má því segja að niðurstöður könnunarinnar gefi mynd af tíðni eineltis og kynferðislegrar áreitni í HÍ skólaárið 2002-2003.

IV.3 Úrvinnsla og tölfræðileg próf

Þar sem megin markmiðið með könnuninni var að meta tíðni eineltis og kynferðislegrar áreitni meðal nemenda og starfsfólks háskólans, eru niðurstöður einkum birtar sem hlutfallstölur. Fyrir hlutfallstölur voru reiknuð vikmörk sem birt eru í svigum í texta eða töflum með viðeigandi hlutföllum. Þau gefa til kynna með hve mikilli vissu má draga ályktanir út frá niðurstöðunum. Miðað var við marktæktarkröfuna $\alpha=0,05$.

Dæmi: Um 24% (+/-5,3%) nemenda sem sögðu að *öðru hverju eða oft* yfir sex mánaða tímabil hafi verið legið á upplýsingum sem hafði áhrif á frammistöðu þeirra í náminu í HÍ. Út frá vikmörkum má með 95% vissu gera ráð fyrir að hlutfall nemenda í HÍ sem upplifði að slíkar athafnir hafi beinst gegn sér á tímabilinu hafi verið á bilinu 18,7% til 29,3%.

Ef hlutföll, að teknu tilliti til vikmarka, skarast *ekki* má gera ráð fyrir að munur á hlutföllum sé tölfræðilega marktækur miðað við 95% vissu. Ef hlutföll, að teknu tilliti til vikmarka, skarast aftur á móti er ekki hægt að gera ráð fyrir að annað hlutfallið sé hærra en hitt í þýðinu.

Dæmi: Hlutfall nemenda sem sagði að legið hafi verið á upplýsingum sem hafði áhrif á frammistöðu þeirra í náminu var 24% (+/-5,3%) en hlutfall þeirra sem hafði upplifað óviðráðanlegt vinnuálag í náminu var 30% (+/-5,6%). Þar sem vikmörk þessara tveggja hlutfalla skarast getum við ekki dregið þá ályktun með 95% vissu að önnur athöfnin sé algengari en hin í þýðinu.

Samskonar túlkun gildir um vikmörk sem reiknuð eru fyrir meðaltöl.

Við mat á tíðni eineltis og kynferðislegrar áreitni, tiltekinna neikvæðra athafna sem og þekkingu á jafnréttisáætlun HÍ eftir mismunandi bakgrunnspáttum, svo sem kyni og aldri, var tölfræðiprófið Kí-kvaðrat (*chi-square*) notað. Kí-kvaðrat prófið metur hvort munur á hlutföllum er tölfræðilega marktækur. Hér var einnig miðað við marktæktarkröfuna $\alpha=0,05$, það er 95% vissu.

Þar sem úrvinnsla gagnanna byggist oft og tíðum á mjög fáum svarendum í tilteknum hópum uppfylla gögnin í slíkum tilvikum ekki forsendur Kí-kvaðrat prófsins um lágmarksfjölda í hópum. Í þeim tilvikum er því ekki hægt að álykta um þýðið út frá úrtaksupplýsingunum. Einkum á þetta við um nánari greiningu á hópi þeirra sem töldu sig vera þolendur eineltis eða kynferðislegrar áreitni og eru því þeir kaflar skýrslunnar einungis lýsandi fyrir þann hóp sem svaraði könnuninni.

V. Niðurstöður

Umfjöllun um niðurstöður skiptist í fjóra megin kafla. Í þeim fyrsta er greint frá bakgrunni nemenda og starfsfólks Háskóla Íslands sem tók þátt í könnuninni, svo sem skiptingu þeirra eftir kyni, aldri, starfi innan HÍ og þeirri deild sem nemendur voru skráðir í. Í öðrum kafla eru kynntar niðurstöður um einelti meðal nemenda og starfsfólks skólans, en í þeim þriðja niðurstöður um kynferðislega áreitni. Í fjórða kafla eru síðan kynntar niðurstöður um þekkingu nemenda og starfsfólks HÍ á jafnréttisáætlun skólans.

V.1 Bakgrunnspættir þátttakenda

Í þessum kafla er gerð grein fyrir bakgrunni nemenda og starfsfólks HÍ sem þátt tóku í könnuninni. Jafnframt er bakgrunnur svarenda borin saman við þýðið til að meta hversu sambærilegur svarendahópurinn er þýðinu. Eins og sjá má í töflu 5.1 voru hlutfallslega fleiri kvennemendur í hópi svarenda en karlnemendur, eða 70% (+/-5,6%) á móti 30% (+/-5,6%). Hlutfall karla og kvenna meðal starfsfólks er aftur á móti nokkuð jafnt, eða 52% karlar (+/-4,3%) og 48% konur (+/-4,3%).

Tafla 5.1 Kyn svarenda

Kyn	Nemendur		Starfsfólk	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Karlar	77	30%	188	52%
Konur	179	70%	172	48%
Alls	256	100%	360	100%

Tafla 5.2 sýnir aldursdreifingu svarenda í hópi nemenda og starfsfólks HÍ. Eins og sjá má voru ríflega tveir af hverjum fimm nemendum á aldrinum 20-24 ára og svipaður fjöldi var á aldrinum 25-34 ára. Flestir nemendanna, eða ríflega fjórir af hverjum fimm voru því undir 35 ára aldri. Meðal starfsfólks var um einn af hverjum fimm yngri en 35 ára, ríflega þrír af hverjum fimm 35-54 ára og einn af hverjum fimm var eldri en það.

Tafla 5.2 Aldur svarenda

Aldur	Nemendur		Starfsfólk	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
20 - 24 ára	107	42%	16	5%
25 - 34 ára	103	41%	49	14%
35 - 44 ára	22	9%	89	26%
45 - 54 ára	17	7%	126	36%
55 ára og eldri	5	2%	69	20%
Alls	254	100%	349	100%

Í töflum 5.3-5.5 má sjá hlutfall nemenda og starfsfólks HÍ eftir uppruna, kynhneigð og því hvort það telur sig eiga við fötlun eða hömlun að stríða. Eins og sjá má sögðust á bilinu 8% nemenda og 3% starfsfólks eiga uppruna sinn í öðru landi en á Íslandi, einungis 1-2% sögðust vera samkynhneigðir og 4% bæði nemenda og starfsfólks taldi sig eiga við fötlun eða hömlun að stríða.

Tafla 5.3 Uppruni svarenda

<i>Í hvaða landi átt þú uppruna þinn?</i>	Nemendur		Starfsfólk	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslandi	234	92%	347	97%
Öðru landi en Íslandi	21	8%	9	3%
Alls	255	100%	356	100%

Tafla 5.4 Kynhneigð svarenda

<i>Kynhneigð</i>	Nemendur		Starfsfólk	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Gagnkynhneigð(ur)	248	98,0%	350	98,3%
Samkynhneigð(ur)	4	1,6%	5	1,4%
Tvikynhneigð(ur)	1	0,4%	1	0,3%
Alls	253	100,0%	356	100,0%

Tafla 5.5 Hlutfall svarenda með fötlun/hömlun að einhverju tagi

<i>Átt þú við fötlun eða hömlun að stríða?</i>	Nemendur		Starfsfólk	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Nei	246	96%	344	96%
Já	10	4%	13	4%
Alls	256	100%	357	100%

Í töflu 5.6 má sjá skiptingu nemenda eftir því í hvaða deild í HÍ þeir voru skráðir. Um 40% voru í námi á félagsvísindasviði (félagsvísinda-, laga- og viðskipta- og hagfræðideild), um 20% á hugvísindasviði (guðfræði- og heimspekideild), ríflega 19% námu á heilbrigðisvísindasviði (hjúkrunarfræði-, lækna-, lyfjafræði- og tannlæknadeild) og um 21% voru á raunvísinda- og verkfræðisviði (verkfræði- og raunvísindadeild).

Þar sem úrtak nemenda sem valið var til þátttöku í könnuninni voru allir þeir nemendur háskólans sem tóku próf á haustmíssi 2002 og voru skráðir í nám á vormíssi 2003, ætti enginn svarenda að vera á fyrsta míssi. Einungis þrír sögðust vera á fyrsta míssi. Vera má að þetta séu nemendur sem hafi verið skráðir í aðra skor eða deild í HÍ á haustmíssi 2002 og síðan skipt um skor eða deild á vormíssi 2003 og því gefið upp að þeir væru á fyrsta míssi. Ríflega helmingur nemenda sagðist hins vegar vera á 2.-4. míssi í námi sínu í HÍ og um þriðjungur á 5.-8. míssi. Um einn af hverjum tíu hafði hins vegar stundað nám í HÍ lengur en 8 míssi (sjá töflu 5.7).

Tafla 5.6 Skipting nemenda eftir deild í HÍ

<i>Deild</i>	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk %
Félagsvísindadeild	58	23%	+/-5,1
Guðfræðideild	5	2%	+/-1,7
Heimspékideild	45	18%	+/-4,7
Hjúkrunarfræðideild	23	9%	+/-3,5
Lagadeild	11	4%	+/-2,5
Lyfjafræðideild	6	2%	+/-1,9
Læknadeild	18	7%	+/-3,1
Raunvísindadeild	29	11%	+/-3,9
Tannlæknadeild	0	0%	+/-0,0
Verkfræðideild	26	10%	+/-3,7
Viðskipta- og hagfræðideild	34	13%	+/-4,2
Alls	255	100%	

Tafla 5.7 Skipting nemenda eftir fjölda missera sem þeir hafa stundað nám í HÍ

<i>Misseri</i>	Fjöldi	Hlutfall
1. misseri	3	1%
2. misseri	77	30%
3.-4. misseri	66	26%
5.-6. misseri	53	21%
7.-8. misseri	30	12%
Lengur en 8 misseri	27	11%
Alls	256	100%

Í töflu 5.8 má sjá hlutfall svarenda í hópi starfsfólks HÍ eftir því hvaða starfi það gegndi innan háskólans. Eins og sjá má var tæplega þriðjungur fastir kennarar, sérfræðingar með hæfnismat, fræðimenn eða vísindamenn. Tæplega tveir af hverjum fimm voru stundakennarar og tæplega þriðjungur var í skrifstofustörfum og stjórnslu, þjónustusérfræðingar og í tæknistörfum (þar með taldir iðnaðarmenn, starfsfólk í mótuneyti, við ræstingu og umsjón fasteigna).

Tafla 5.8 Skipting starfsfólks eftir aðalstarfi þeirra í HÍ

<i>Aðalstarf</i>	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk %
Fastur kennari	111	31%	+/-4,0
Stundakennari	135	38%	+/-4,2
Skrifstofustarf	45	13%	+/-2,9
Þjónustusérfræðingur	32	9%	+/-2,5
Tæknistarf	29	8%	+/-2,4
Annað	4	1%	+/-0,9
Alls	356	100%	

Samanburður á svarendum og þýði

Þegar svarendahópurinn og þýðið er borið saman má draga þá ályktun að svarendahópurinn sé nokkuð skekkur með tilliti til kyns. Samkvæmt Nemendaskrá HÍ þann 20. janúar 2003 var hlutfall kvenna 61% og karla 39% meðal nemenda skólans. Hlutfall kvennemenda í hópi svarenda var aftur á móti 70% (+/-5,6%) en hlutfall karlnemenda 30% (+/-5,6%). Hlutfall karla og kvenna meðal svarenda í hópi starfsfólks var aftur á móti nokkuð jafnt og sambærilegt því sem er í þýðinu, eða 52% karlar (+/-4,3%) og 48% konur (+/-5,2%). Í þýði starfsfólks HÍ var hlutfall karla 55% og kvenna 45%.

Meðalaldur í þýði nemenda HÍ var tæplega 28 ár (27 ár og 11 mánuðir) en í svarendahópi nemenda 28 ár og 7 mánuðir (+/-1 ár og 1 mánuður). Meðalaldur í þýði starfsfólks Háskóla Íslands var tæplega 45 ár (44 ár og 8 mánuðir) en í svarendahópi starfsfólks um 45 ár (+/-1 ár). Það er því óhætt að álykta sem svo að svarendahópurinn endurspeglir aldursdreifingu í þýði bæði nemenda og starfsfólks HÍ.

Samkvæmt upplýsingum úr Nemendaskrá HÍ þann 20. janúar 2003 var hlutfall nemenda eftir deildum í svarendahópnum í góðu samræmi við hlutfall eftir deildum í þýðinu, nema að því leitinu til að hlutfallslega fleiri nemendur í hjúkrunarfræðideild voru meðal svarenda, eða 11% (+/-3,5%) en hlutfall nemenda sem skráðir voru í hjúkrunarfræðideild 20. janúar 2003 var um 5%.

Þegar starfsfólk í þýði og svarendahópi var borið saman eftir aðalstarfi þess í HÍ kom í ljós að 31% (+/-4%) töldust til fastra kennara og sérfræðinga með hæfnismat, fræðimanna eða vísindamanna. Hlutfall þessa hóps í þýðinu var 35,6%. Svarhlutfall var meðal fastra kennara því lítillaga lægra en hlutfall þeirra í þýðinu. Stundakennarar voru 38% svarenda (+/-4,2%) sem er hins vegar mun lægra en hlutfall þeirra í þýðinu, en þar var hlutfallið 49%. Þar sem hlutfall fastra kennara var og stundakennara er lægra í svarendahópnum en í þýðinu var hlutfall þeirra sem eru í annarskonar störfum innan háskólans því mun hærra í svarendahópnum en í þýði starfsfólks HÍ.

Samanburðurinn á þýði og svarendahópi nemenda og starfsfólks gefur því til kynna að samsetningu svarendahópsins svipi að mjög miklu leiti til þýðisins, að því undanskildu að kvennemendur og nemendur í hjúkrunarfræðideild eru hlutfallslega nokkuð fleiri í svarendahópnum en í þýðinu. Einnig eru hlutfallslega færri kennarar, einkum stundakennarar, í hópi svarenda en hlutfall þeirra í þýðinu segir til um.

V.2 Einelti meðal nemenda og starfsfólks í Háskóla Íslands

Í þessum kafla verður greint frá niðurstöðum um einelti og athafnir tengdar einelti meðal nemenda og starfsfólks Háskóla Íslands. Fyrst verður fjallað um einelti meðal nemenda, þá um einelti meðal starfsfólks skólans og að lokum er greint frá niðurstöðum fyrir hópinn í heild, það er niðurstöðum sem byggjast á svörum nemenda og starfsfólks.


Einelti meðal nemenda

Nemendur voru beðnir að taka afstöðu til þess hversu oft á síðastliðnum sex mánuðum 22 mismunandi athöfnum og athugasemdum af neikvæðum toga, var beint gegn þeim í náminu eða í tengslum við námið í HÍ. Eins og sjá má í töflu 5.9 töldu flestir nemenda sig aldrei hafa upplifað að slíkum athöfnum eða athugasemdum var beint gegn sér á tímabilinu, eða á bilinu 76-99,6%. Alls höfðu um 60% nemenda upplifað að einni eða fleirum þessara athafna hafði verið beint gegn sér *öðru hverju eða oft* á tímabilinu. Nokkuð var þó misjafnt eftir athöfnum hversu algengt var að nemendur teldu sig hafa upplifað þær.

Tafla 5.9 Hversu oft á síðastliðnum 6 mánuðum hefur eftirfarandi athöfnum eða athugasemdum verið beint gegn þér í námi þínu eða í tengslum við nám þitt í Háskóla Íslands (N=252-256):

	Aldrei %	Vikmörk %	Öðru hverju %	Mánaáarlega %	Vikulega %	Daglega %	Alls %
Óviðráðanlegu vinnuálagi	70	+/-5,6	21,1	4,3	2,7	1,6	100
Að legið var á upplýsingum sem hafði áhrif á frammistöðu þína	76	+/-5,3	19,7	1,6	2,4	0,4	100
Að fá úthlutað verkefni með óraunhæfum eða ómögulegum markmiðum eða tímamörkum	77	+/-5,2	20,4	2,0	0,4	0,4	100
Að brugðist var við spurningum þínum eða tilraunum til samræðna með þögn eða fjandsamlegum viðbrögðum	82	+/-4,7	15,4	1,6	0,8	0,0	100
Að skoðanir þínar og viðhorf voru hunsuð	83	+/-4,6	15,4	0,8	0,4	0,0	100
Fengið fyrirmæli um að vinna verkefni sem ekki eru samboðin hæfni þinni	84	+/-4,5	14,7	1,2	0,0	0,0	100
Að gert var lítið úr þér eða hæðast að þér í tengslum við nám þitt	84	+/-4,5	13,4	2,0	0,4	0,0	100
Verið hunsaður eða skilin(n) útundan	85	+/-4,4	12,3	2,0	0,8	0,0	100
Móðgandi eða særandi athugasemdum um þig, skoðanir þínar eða um einkalíf þitt	85	+/-4,3	11,8	2,0	0,8	0,0	100
Þrýstingi um að krefjast ekki einhvers sem þú átt rétt á	91	+/-3,6	9,1	0,4	0,0	0,0	100
Endurteknum ábendingum um glappaskot þín eða mistök	93	+/-3,2	5,9	1,2	0,0	0,0	100
Vísbendingum frá öðrum um að þú ættir að hætta í námi þínu	93	+/-3,1	5,9	0,8	0,0	0,0	100
Að komið væri af stað slúðri eða orrómi um þig	94	+/-3,0	5,9		0,4	0,0	100
Stöðugri gagnrýni á vinnu þína og framlag í náminu	94	+/-2,8	5,5	0,0	0,0	0,0	100
Að óskrað var á þig eða þú varst skotspönn reiðikasts	95	+/-2,6	4,3	0,4	0,0	0,0	100
Ásökunum í þinn garð	95	+/-2,6	4,3	0,4		0,0	100
Að fylgst var óeðlilega mikið með vinnu þinni í náminu	95	+/-2,6	4,3	0,0	0,4	0,0	100
Verið svipt(ur) ábyrgð á mikilvægum verkefnum eða þeim skipt út fyrir léttvægari eða óþægilegri verkefni	96	+/-2,4	3,6	0,4	0,0	0,0	100
Óeðlilega mikilli stríðni og hæðni	96	+/-2,3	3,1	0,4	0,0	0,0	100
Ógrandi hegðun, svo sem fingrabendingum, komið var of nálægt þér, þér ýtt eða hrint eða staðið í vegi þínum	98	+/-1,9	2,0	0,4	0,0	0,0	100
Hrekkjum af fólki sem þér semur ekki við	98	+/-1,7	1,2	0,4	0,4	0,0	100
Hótun um ofbeldi eða líkamlega valdbeitingu eða orðið fyrir valdbeitingu	99,6	+/-0,8	0,4	0,0	0,0	0,0	100

Eins og sjá má á mynd 5.1 var nokkuð algengt að nemendur teldu sig hafa upplifað óviðráðanlegt vinnuálag og því að fá úthlutuð verkefni með óraunhæfum og ómögulegum markmiðum eða tímamörkum. Tæplega þriðjungur nemenda taldi vinnuálag hafa verið óviðráðanlegt, þar af tæplega einn af hverjum tíu mánaðarlega eða oftar. Um fjórðungur nemenda taldi sig *öðru hverju eða oftar* hafa fengið úthlutuð verkefni með óraunhæfum eða ómögulegum markmiðum eða tímamörkum.



Mynd 5.1 Hlutfall nemenda HÍ sem tilteknum neikvæðum athöfnum eða athugasemdum var beint gegn í námi þeirra eða í tengslum við það öðru hverju eða oftar á síðastliðnum 6 mánuðum (N=252-256)¹

Hlutfallslega fæstir höfðu hins vegar upplifað augljóslega fjandsamlegar athafnir gegn sér, svo sem að öskrað væri á þá eða þeir væru skotspónn reiðikasts (5%), ögrandi hegðun, svo sem

¹ Nákvæmt orðalag atriða má sjá í töflu 3.9.

fingrabendingum, að komið væri of nálægt þeim, þeim ýtt eða hrint eða staðið væri í vegi þeirra (2%) og 1 sagðist hafa orðið fyrir líkamlegri valdbeitingu eða hótun um ofbeldi eða valdbeitingu (0,4%).

Á bilinu 2-4% nemenda höfðu orðið fyrir ýmiss konar illkvittni, svo sem óeðlilega mikilli stríðni eða hæðni og hrekkjum og á bilinu 15-16% höfðu upplifað móðgandi eða særandi athugasemdir um þá sjálfa, skoðanir þeirra eða einkalíf og að gert var lítið úr þeim eða hæðst að þeim í tengslum við námið.

Þá var nokkuð algengt að nemendur teldu að öllu duldari fjandsamlegri hegðun hafi verið beint gegn þeim, svo sem að *öðru hverju eða oft* á tímabilinu hafi verið legið á upplýsingum sem hefði áhrif á frammistöðu þeirra (24%), að skoðanir þeirra eða viðhorf hafi verið hunsuð (17%) eða að þeir hafi verið hunsaðir eða skildir útundan (15%).

Í erlendum rannsóknum hefur einelti verið mælt með sama eða svipuðum kvörðum (Einarsen og Raknes, 1997; Leymann, 1992; Mikkelsen og Einarsen, 2001). Þar hefur einelti meðal annars verið skilgreint sem það „að einni eða fleirum af þeim athöfnum eða athugasemdum sem kvarðinn inniheldur hafi verið beint gegn viðkomandi *vikulega eða oft* í að minnsta kosti sex mánuði“, eða skilgreint út frá enn strangari viðmiði um að „að minnsta kosti *tveimur* af þeim athöfnum eða athugasemdum sem kvarðinn inniheldur hafi verið beint gegn viðkomandi *vikulega eða oft* í að minnsta kosti sex mánuði“. Samkvæmt þessum viðmiðum höfðu ríflega 7% nemendanna í könnuninni orðið fyrir einni eða fleirum þessara athafna eða athugasemda vikulega eða oft á yfir sex mánaða tímabil (7,4%; +/-3,2%). Um 3% höfðu á hinn bóginn orðið fyrir að minnsta kosti tveimur athöfnum vikulega eða oft á yfir sama tímabil (3,1%; +/-2,1%).

Kynjamunur ekki til staðar

Almennt má segja að ekki hafi komið fram munur á hlutfalli karlnemenda og kvennemenda sem höfðu orðið fyrir einelti í námi sínu í HÍ eða í tengslum við það. Hvorki var munur á hlutfalli karla og kvenna sem höfðu töldu að, að minnsta kosti einni af þeim 22 athöfnum eða athugasemdum sem mynda kvarðann um einelti, hafi verið beint gegn sér *öðru hverju eða oft* yfir tímabilið², né meðal þeirra sem töldu að, að minnsta kosti einni athöfn eða athugasemd hafi verið beint gegn sér *vikulega eða oft* yfir tímabilið³.

Í þeim tilvikum sem gögnin uppfylltu forsendur tölfræðiprófsins Kí-kvaðrat var heldur ekki munur á hlutfalli karla og kvenna sem tilteknum neikvæðum athöfnum eða athugasemdum hafði verið beint gegn á tímabilinu.

² $\chi^2(1) = 0,23, p > 0,05$

³ $\chi^2(1) = 0,47, p > 0,05$

Aldursmunur ekki til staðar

Ekki var marktækur munur á hlutfalli þeirra sem höfðu orðið fyrir einelti, eða athöfnum tengdum einelti, í námi sínu í HÍ eftir því hvort nemendur tilheyrðu aldurshópnum 20-24 ára, 25-44 ára eða voru 45 ára eða eldri. Hvorki var munur á hlutfalli þeirra sem höfðu upplifað að einni eða fleirum af þeim 22 athöfnum kvarðans hafði verið beint gegn sér *öðru hverju eða oft*ar yfir tímabilið eftir þessum þremur aldurshópum⁴, né á hlutfalli þeirra sem töldu að minnsta kosti einni þessara athafna eða athugasemda hafi verið beint gegn sér *vikulega eða oft*ar eftir þessum aldurshópum⁵.

Í þeim tilvikum sem gögnin uppfylltu forsendur tölfræðiþrófsins Kí-kvaðrat var heldur ekki munur á hlutfalli nemenda eftir aldurshópum sem höfðu upplifað neikvæðar athafnir eða athugasemdir í sinn garð í HÍ yfir tímabilið.

Munur eftir námssviðum

Athugað var hvort mismunandi væri hvort neikvæðum athugasemdum eða athöfnum hafi verið beint gegn nemendum eftir því á hvaða sviði innan háskólans nemendur stunduðu nám. Nemendum var skipt upp í hópa eftir því í hvaða deild þeir voru skráðir. Í fyrsta lagi voru þeir flokkaðir saman sem skráðir voru í félagsvísinda-, laga- eða viðskipta- og hagfræðideild (félagsvísindasvið), í öðru lagi þeir sem skráðir voru í guðfræði- eða heimspekideild (hugvísindasvið), í þriðja lagi þeir sem voru skráðir í hjúkrunarfræði-, lyfja-, lækna- eða tannlæknadeild (heilbrigðisvísindi) og í fjórða lagi þeir sem voru skráðir í raunvísinda- eða verkfræðideild. Athugað var hvort munur væri eftir námssviðum á því hvort einni eða fleirum athöfnum eða athugasemdum eineltiskvarðans hafði verið beint gegn nemendum *öðru hverju eða oft*ar yfir tímabilið. Í ljós kom að ekki reyndust vera munur eftir námssviðum á hlutfalli nemenda sem hafði upplifað að, að minnsta kosti einni athöfn var beint gegn sér *öðru hverju eða oft*ar⁶.

Í þeim tilvikum sem gögnin uppfylltu forsendur tölfræðiþrófsins Kí-kvaðrat var almennt ekki munur á hlutfalli nemenda eftir námssviðum sem töldu tiltekna neikvæðar athafnir hafa beinst gegn sér. Þó var marktækur munur á hlutfalli nemenda eftir námssviðum sem sögðust hafa upplifað óviðráðanlegt vinnuálag *öðru hverju eða oft*ar yfir tímabilið. Þannig virtust hlutfallslega mun færri nemendur á hugvísindasviði hafa upplifað óviðráðanlegt vinnuálag *öðru hverju eða oft*ar á tímabilinu, eða ríflega 10% á móti 31-43% þeirra sem stunduðu nám á félagsvísindasviði, í heilbrigðisvísindum eða raunvísindum og verkfræði⁷.

⁴ $\chi^2(2) = 3,45, p > 0,05$

⁵ $\chi^2(2) = 2,28, p > 0,05$

⁶ $\chi^2(3) = 2,07, p > 0,05$

⁷ Hugvísindasvið 10,2%; félagsvísindasvið 31,1%; raunvísindi og verkfræði 34,5%; heilbrigðisvísindi 42,6%; $\chi^2(3) = 13,29, p < 0,05$

Um ástæður og áhrif neikvæðra athafna eða athugasemda

Um 60% nemenda töldu að einni eða fleiri neikvæðum athöfnum eða athugasemdum hafi verið beint gegn sér öðru hverju eða oftár í náminu á undangengnum sex mánuðum. Þeir voru beðnir að leggja mat á hugsanlegar ástæður þess og áhrif þess á nám sitt.

Í töflu 5.10 má sjá að fjórðungur þeirra tilgreindi líklegar ástæður, ríflega fjórðungur taldi enga af tilgreindum ástæðum tengjast athöfnunum, um tíundi hver taldi sig ekki vita ástæðuna og um tveir af hverjum fimm svöruðu ekki spurningunni. Meðal þeirra sem tilgreindu ástæður töldu 17% athafnirnar hafa tengst kynferði sínu og 14% aldri sínum. Tæplega þrjár af hverjum fjórum gáfu upp einhverjar aðrar ástæður, svo sem öfund, skapgerð eða ásetning geranda og reynsluleysi eða einhverja eiginleika þolanda.

Tafla 5.10 Ástæður neikvæðra athafna eða athugasemda

	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall miðað við svör	Hlutfall miðað við svarendur*
Merkja við tilgreinda ástæðu eða gefa upp ástæðu	36	24%			
<i>Tengdist...</i>					
<i>Kynferði mínu</i>			6	15%	17%
<i>Aldri mínum</i>			5	12%	14%
<i>Kynhneigð minni</i>			1	2%	3%
<i>Fötlun/hömlun minni</i>			1	2%	3%
<i>Kynþætti mínum eða þjóðerni</i>			2	5%	6%
<i>Öðru en ofangreindu</i>			26	63%	72%
Engin af tilgreindum ástæðum í spurningunni	43	28%			
Veit ekki	17	11%			
Svara ekki	57	37%			
Samtals	153	100%	41	100%	114%

*Nefna mátti fleiri en einn valkost og því er samanlagt hlutfall miðað við svarendur hærra en 100%.

Í töflu 5.11 má sjá hvort þátttakendur teldu þessa neikvæðu hegðun hafa haft einhver þau áhrif á nám sitt. Eins og sjá má tilgreindi tæplega þriðjungur frá áhrifum athafnanna, ríflega þriðjungur tilgreindi engin áhrif og um þriðjungur svaraði ekki spurningunni. Meðal þeirra sem tilgreindu áhrif töldu tveir af hverjum fimm að athafnirnar hefðu haft neikvæð áhrif á frammistöðu sína í náminu, tæplega þriðjungur að þær hefðu valdið nokkrum eða verulegum tögum á námi sínu og ríflega þriðjungur hafði velt fyrir sér að hætta náminu. Um helmingur þeirra sem tilgreindu áhrif gáfu upp önnur áhrif, svo sem að það hafi haft neikvæð áhrif á sjálfstraust, valdið vanlíðan og dregið úr afköstum sínum.

Tafla 5.11 Áhrif neikvæðra athafna og athugasemda

	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall miðað við svör	Hlutfall miðað við svarendur*
Merkja við tilgreind áhrif eða gefa upp áhrif	47	31%			
<i>Haft neikvæð áhrif á frammistöðu mína í náminu</i>			14	25%	39%
<i>Valdið nokkrum tögum á náminu</i>			8	15%	22%
<i>Valdið verulegum tögum á náminu</i>			3	5%	8%
<i>Valdið því að ég hef velt fyrir mér að hætta náminu</i>			13	24%	36%
<i>Haft önnur áhrif en ofangreind</i>			17	31%	47%
Engin af tilgreindum áhrifum í spurningunni	53	35%			
Svara ekki	53	35%			
Samtals	153	100%	55	100%	153%

*Nefna mátti fleiri en einn valkost og því er samanlagt hlutfall miðað við svarendur hærra en 100%.

Hlutfall nemenda sem upplifðu sig sem þolendur eineltis

Eftir að hafa lesið eftirfarandi skilgreiningu á einelti voru nemendur spurðir að því hvort þeir teldu sig hafa orðið fyrir einelti í námi sínu eða í tengslum við nám sitt í HÍ á síðastliðnum sex mánuðum. Einelti var skilgreint sem...

...siendurteknar meiðandi athugasemdir og/eða athafnir sem standa yfir ákveðið tímabil og sem beint er gegn einstaklingi eða hópi fólks sem á erfitt með að verjast því.

Ríflega 97% nemenda töldu sig ekki hafa verið þolendur eineltis í námi sínu í HÍ eða í tenglum við það á undangengnum sex mánuðum (sjá töflu 5.12). Tæplega 3% (2,7%; +/-2,0%) töldu sig aftur á móti þolendur eineltis.

Af þeim sjö sem töldu sig þolendur eineltis voru tveir karlar og fimm konur. Einn af þessum sjö var af erlendum uppruna, enginn taldi sig eiga við fötlun eða hömlun að stríða og allir voru gagnkynhneigðir.

Ríflega helmingur þeirra sem sögðust vera þolendur eineltis (4 af 7) hafði verið lagður í einelti í innan við þrjá mánuði, tveir í innan við eitt ár en einn í 1-2 ár. Fimm höfðu verið lagðir í einelti eingöngu af einni manneskju en tveir af fleiri en einni manneskju. Þá nefndu fimm kennara sem gerendur eineltisins og þrír nefndu nemendur sem gerendur. Í fjórum tilvikum voru konur gerendur en í þremur tilvikum voru það karlar.

Þolendurnir voru spurðir að því hvar eineltið hefði átt sér stað. Nefna mátti fleiri en einn stað. Nær allir þolendanna, eða sex af sjö, sögðu það hafa átt sér stað í fyrirlestrum eða kennslustundum, en einnig var nefnt í tveimur tilvikum að eineltið hefði átt sér stað í hópvinnu/samvinnu og á

skemmtunum og/eða í partium tengdum náminu. Þá voru frímínútur, viðtalstímar og lesstofur nefnt í einu tilviki hvert um sig.

Tafla 5.12 Telur þú að þú hafir orðið fyrir einelti í námi þínu eða í tengslum við nám þitt í Háskóla Íslands á síðastliðnum 6 mánuðum?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Nei	249	97,3
Já, sjaldnar en mánaðarlega	3	1,2
Já, 1-3 sinnum í mánuði	2	0,8
Já, 1-2 sinnum í viku	2	0,8
Já, 3-4 sinnum í viku	0	0,0
Já, oftár en 4 sinnum í viku	0	0,0
Alls	256	100,0

Í fjórum tilvikum af sjö hafði eineltið verið tilkynnt, þar af í tveimur tilvikum til forráðamanns deildar/stofnunar. Í tveimur af fjórum tilvikum taldi þolandi að viðkomandi forráðamenn hafi brugðist við tilkynningunum í því skyni að hafa áhrif á atburðarrásina.

Í þremur tilvikum töldu nemendur eineltið hafa tengst aldri sínum, en þeir voru á aldrinum 22-42 ára, í tveimur tilvikum kynferði sínu (þar af ein kona og einn karl) og í tveimur tilvikum kynþætti sínum eða þjóðerni (þar af var annar af erlendu þjóðerni).

Vitni að einelti

Um einn af hverjum tíu nemendum (9,0%; +/-3,5%) hafði orðið vitni að einelti í námi sínu eða í tengslum við nám sitt í HÍ á síðastliðnum sex mánuðum (sjá töflu 5.13). Hvorki var munur á hlutfalli karla og kvenna sem höfðu orðið vitni að einelti í námi sínu á þessu tímabili⁸, né á aldri nemenda⁹.

Tæpur fjórðungur (22%) þeirra sem hafði orðið vitni að einelti í HÍ á undangengnum sex mánuðum taldi eineltið hafa tengst kynferði þolanda og tæplega fimmtungur (17%) aldri hans. Þá nefndu 13% kynþátt eða þjóðerni þolanda sem ástæðu eineltisins og nokkrir nefndu persónuleika eða framkomu þolanda.

⁸ $\chi^2(1) = 0,30, p > 0,05$

⁹ $\chi^2(2) = 3,83, p > 0,05$

Tafla 5.13 Hefur þú orðið vitni að einelti í námi þínu eða í tengslum við nám þitt í Háskóla Íslands á síðastliðnum 6 mánuðum?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	233	91,0%
Já, ég hef orðið vitni að einu tilfelli	17	6,6%
Já, ég hef orðið vitni að fleiri en einu tilfelli	6	2,3%
Alls	256	100,0%


Einelti meðal starfsfólks

Starfsfólk var beðið að taka afstöðu til þess hversu oft á síðastliðnum sex mánuðum 22 athöfnum eða athugasemdum af neikvæðum toga var beint gegn sér í starfi sínu í HÍ eða í tengslum við það (sjá töflu 5.14). Eins og sjá má í töflunni töldu langflestir að þessum athöfnum eða athugasemdum hafi aldrei verið beint gegn sér á tímabilinu, eða á bilinu 76-98% eftir því hvaða athöfn eða athugasemd um ræðir. Alls höfðu um 45% starfsfólksins upplifað að einni eða fleirum þessara athafna hafði verið beint gegn sér *öðru hverju eða oft* á tímabilinu. Misjafnt var þó eftir athöfnum hversu algengt var að starfsfólk teldi þær hafa beinst gegn sér.

Tafla 5.14 Hversu oft á síðastliðnum 6 mánuðum hefur eftirfarandi athöfnum eða athugasemdum verið beint gegn þér í starfi þínu eða í tengslum við starf þitt í Háskóla Íslands (N=344-355):

	Aldrei %	Vikmörk %	Öðru hverju %	Mánaðarlega %	Vikulega %	Daglega %	Alls %
Óviðráðanlegu vinnuálagi	76	+/-3,7	19,0	1,1	1,7	1,7	100
Að skoðanir þínar og viðhorf voru hunsuð	80	+/-3,6	17,8	0,8	0,8	0,8	100
Að legið var á upplýsingum sem hafði áhrif á frammistöðu þína	82	+/-3,4	14,6	0,6	1,4	1,4	100
Að fá úthlutuð verkefni með óraunhæfum eða ómögulegum markmiðum eða tímamörkum	85	+/-3,2	13,0	1,1	0,3	0,8	100
Verið hunsaður eða skilin(n) útundan	85	+/-3,1	12,4	0,6	0,6	1,1	100
Fengið fyrirmæli um að vinna verkefni sem ekki eru samboðin hæfni þinni	85	+/-3,1	12,5	0,9	0,9	0,3	100
Ásökunum í þinn garð	89	+/-2,8	9,9	0,6	0,3	0,3	100
Að gert var lítið úr þér eða hæðst að þér í tengslum við starf þitt	89	+/-2,7	7,7	0,9	1,7	0,6	100
Að öskrað var á þig eða þú varst skotsþórn reiðikasts	91	+/-2,5	7,9	0,3	0,6	0,3	100
Að brugðist var við spurningum þínum eða tilraunum til samræðna með þögn eða fjandsamlegum viðbrögðum	91	+/-2,5	6,5	1,1	0,0	1,1	100
Verið svipt(ur) ábyrgð á mikilvægum verkefnum eða þeim skipt út fyrir léttvægari eða óþægilegri verkefni	92	+/-2,4	7,6	0,0	0,3	0,3	100
Þrýstingi um að krefjast ekki einhvers sem þú átt rétt á (t.d. veikindaleyfis, frís, ferðakostnaðar)	92	+/-2,4	5,4	1,7	0,6	0,6	100
Móðgandi eða særandi athugasemdum um þig, skoðanir þínar eða um einkalíf þitt	92	+/-2,4	6,3	0,6	0,6	0,6	100
Stöðugri gagnrýni á vinnu þína og framlag	92	+/-2,4	6,8	0,3	0,3	0,6	100
Að komið væri af stað slúðri eða orárómi um þig	93	+/-2,2	4,9	0,3	0,9	0,6	100
Að fylgst var óeðlilega mikið með vinnu þinni	93	+/-2,2	4,9	0,9	0,3	0,6	100
Endurteknum ábendingum um glappskot þín eða mistök	95	+/-2,0	4,5	0,0	0,3	0,6	100
Vísibendingum frá öðrum um að þú ættir að hætta í starfi þínu	95	+/-2,0	4,5	0,0	0,6	0,3	100
Ógrandi hegðun, svo sem fingrabendingum, komið var of nálægt þér, þér ýtt eða hrint eða stæði í vegi þínum	97	+/-1,6	3,1	0,0	0,0	0,3	100
Óeðlilega mikilli stríðni og hæðni	97	+/-1,6	2,5	0,0	0,6	0,3	100
Hrekkjum af fólki sem þér semur ekki við	97	+/-1,5	2,0	0,3	0,3	0,6	100
Hótun um ofbeldi eða líkamlega valdbeitingu eða orðið fyrir valdbeitingu	98	+/-1,1	0,6	0,0	0,9	0,3	100

Eins og sjá má á mynd 5.2 var nokkuð algengt að starfsfólk teldi sig á undangengnum sex mánuðum hafa upplifað óviðráðanlegt vinnuálag og að fá úthlutuð verkefni með óraunhæfum og ómögulegum markmiðum eða tímamörkum. Tæplega fjórðungur (24%) sagði óviðráðanlegt vinnuálag hafa beinst gegn sér *öðru hverju eða oft* og 5% sögðu það hafa gerst mánaðarlega eða oft. Þá sögðust 15% hafa fengið úthlutuð verkefni með óraunhæfum eða ómögulegum markmiðum eða tímamörkum.



Mynd 5.2 Hlutfall starfsfólks HÍ sem tilteknum neikvæðum athöfnum eða athugasemdum var beint gegn í starfi þeirra eða í tengslum við það öðru hverju eða oft á síðastliðnum 6 mánuðum (N=344-355)¹⁰

¹⁰ Nákvæmt orðalag atriða má sjá í töflu 3.14.

Einnig var nokkuð algengt að starfsfólk teldi að neikvæðum athöfnum væri beint gegn sér, svo sem að legið væri á upplýsingum sem hefði áhrif á frammistöðu þess í starfi (18%), það fengi fyrirmæli um að vinna verkefni sem ekki væru samboðin hæfni þess (15%) og að gert væri lítið úr því eða hæðst að því í tengslum við starfið (11%). Einnig nefndi tæplega tíundi hver að hann hefði verið sviptur ábyrgð á mikilvægum verkefnum eða þeim skipt út fyrir léttvægari eða óþægilegri verkefni (8%), hann orðið fyrir stöðugri gagnrýni á vinnu sína og framlag (8%), beittur þrýstingi um að krefjast ekki einhvers sem væri réttur hans (8%) og að fylgst hefði verið óeðlilega mikið með vinnu hans (7%).

Hlutfallslega fæstir höfðu hins vegar orðið fyrir athöfnum sem fela í sér augljósara fjandsamlegt atferli, svo sem ögrandi hegðun, til dæmis fingrabendingum, að komið væri of nálægt sér, sér ýtt eða hrint eða staðið væri í vegi sínum (3%) eða líkamlegri valdbeitingu eða hótun um ofbeldi eða valdbeitingu (2%). Á hinn bóginn hafði tæplega tíundi hver starfsmaður upplifað að öskrað væri á sig eða hann væri skotspónn reiðikasts (9%).

Um 3% starfsfólks höfðu orðið fyrir ýmiss konar illkvittni, svo sem óeðlilega mikilli stríðni eða hæðni og hrekkjum og á bilinu 7-8% höfðu upplifað að móðgandi eða særandi athugasemdum um það sjálf skoðanir þess eða einkalíf var beint gegn þeim og að komið væri af stað slúðri eða orðrómi um það.

Þá var nokkuð algengt að starfsfólk teldi sig hafa orðið fyrir öllu duldari fjandsamlegri hegðun, svo sem að *öðru hverju eða oftar* hafi það verið hunsað eða skilið útundan (15%) og að skoðanir þess eða viðhorf væru hunsuð (20%).

Tæplega 7% starfsfólksins hafði upplifað að einni eða fleirum þessara athafna eða athugasemda hafði verið beint gegn sér vikulega eða oftar á undangengnum sex mánuðum (6,9%; +/-2,2%). Ríflega 3% höfðu hins vegar upplifað að, að minnsta kosti tveimur athöfnum eða athugasemdum hafði verið beint gegn sér vikulega eða oftar á yfir sama tímabil (3,3%; +/-1,5%).

Kynjamunur

Almennt má segja að ekki hafi komið fram munur á hlutfalli karla og kvenna sem höfðu orðið fyrir einelti í starfi sínu í HÍ eða í tengslum við það á síðastliðnum sex mánuðum. Hvorki var munur á hlutfalli karla og kvenna sem höfðu upplifað að, að minnsta kosti einni af þeim 22 athöfnum eða athugasemdum eineltiskvarðans hafði verið beint gegn sér *öðru hverju eða oftar* á undangengnum sex mánuðum¹¹, né meðal þeirra sem að minnsta kosti einni athöfn eða athugasemd hafði verið beint gegn *vikulega eða oftar* yfir tímabilið¹².

¹¹ $\chi^2(1) = 2,26, p > 0,05$

¹² $\chi^2(1) = 1,49, p > 0,05$

Almennt var heldur ekki munur á hlutfalli karla og kvenna sem tilteknum neikvæðum athöfnum eða athugasemdum hafði verið beint gegn í starfi þeirra, að undanskildum þremur athöfnum. Þannig sögðust hlutfallslega fleiri konur en karlar hafa orðið fyrir því *öðru hverju eða oft* að legið hafi verið á upplýsingum sem hafði áhrif á frammistöðu þeirra, en 22% kvenna svöruðu þessu til en 14% karla¹³. Einnig sögðust hlutfallslega fleiri konur en karlar hafa fengið fyrirmæli um að vinna verkefni sem ekki voru samboðin hæfni þeirra, eða 20% kvenna á móti 9% karla¹⁴. Þá sögðust einnig hlutfallslega fleiri konur en karlar hafa upplifað óviðráðanlegt vinnuálag *öðru hverju eða oft* á tímabilinu, eða tæplega þriðjungur kvenna (30%) á móti tæplega fimmtungi karla (18%)¹⁵.

Aldursmunur ekki til staðar

Ekki var marktækur munur á hlutfalli þeirra sem höfðu orðið fyrir einelti, eða athöfnum tengdum einelti, í starfi þeirra í HÍ á undangengnum sex mánuðum eftir því hvort starfsfólk tilheyrði aldurshópnum 20-24 ára, 25-44 ára eða voru 45 ára eða eldri. Hvorki kom fram munur á hlutfalli starfsfólks sem einni eða fleirum af athöfnum eða athugasemdum eineltiskvarðans hafði verið beint gegn *öðru hverju eða oft* yfir tímabilið eftir því hvaða aldurshópi það tilheyrði¹⁶, né meðal þeirra töldu að, að minnsta kosti einni þessara athafna eða athugasemda hafi verið beint gegn sér *vikulega eða oft*¹⁷.

Í flest öllum tilvikum uppfylltu gögnin forsendur tölfræðiprófsins þegar tíðni tiltekinna neikvæðra athafna og athugasemda var skoðuð eftir aldurshópum. Ekki kom á hinn bóginn fram marktækur munur á hlutfalli starfsfólks sem tilteknum neikvæðum athöfnum eða athugasemdum hafði verið beint gegn í starfi þess eftir því hverjum af aldurshópunum þremur það tilheyrði .

Munur eftir starfi

Athugað var hvort mismunandi væri eftir því hvaða störfum fólk gegndi innan háskólans hvort neikvæðum athöfnum eða athugasemdum hafði verið beint gegn því í starfi eða í tengslum við það á undangengnum sex mánuðum. Svarendum var skipt upp í hópa eftir því hvort þeir voru 1) fastir kennarar við skólann, sérfræðingar með hæfnismat, fræðimenn eða vísindamenn, 2) stundakennarar eða 3) skrifstofufólk, þjónustusérfræðingar eða starfsfólk í tæknistörfum (þar með talið starfsfólk í mötuneyti, ræstingu og umsjón fasteigna). Munur kom fram eftir starfi á því hvort fólk hafði upplifað að, að minnsta kosti einni athöfn hafði verið beint gegn sér *öðru hverju eða oft*. Þannig sagðist 63% skrifstofufólks, þjónustusérfræðinga og fólks í tæknistörfum hafa orðið fyrir að, að minnsta kosti

¹³ $\chi^2(1) = 3,93, p < 0,05$


¹⁴ $\chi^2(1) = 7,33, p < 0,05$

¹⁵ $\chi^2(1) = 6,65, p < 0,05$

¹⁶ $\chi^2(2) = 1,87, p > 0,05$

¹⁷ $\chi^2(2) = 1,62, p > 0,05$

einni athöfn öðru hverju eða oftar yfir tímabilið, 46% fastra kennara en 30% stundakennara¹⁸. Einnig höfðu hlutfallslega færri stundakennarar en annað starfsfólk upplifað að minnsta kosti einni athöfn hafði verið beint gegn þeim *vikulega eða oftar*, eða innan við 2% stundakennara á móti 10-11% fólk í skrifstofustörfum, þjónustusérfræðinga, fólks í tæknistöfum og fastra kennara¹⁹.



Mynd 5.3 Hlutfall starfsfólks HÍ sem tilteknum neikvæðum athöfnum eða athugasemdum var beint gegn í starfi þess eða í tengslum við það öðru hverju eða oftar á síðastliðnum 6 mánuðum – skipt eftir starfi (N=340-351)

¹⁸ $\chi^2(2) = 26,89, p < 0,05$

Á mynd 5.3 má sjá hlutfall svarenda í mismunandi störfum sem taldi að tilteknum athöfnum eða athugasemdum hafi verið beint gegn sér *öðru hverju eða oft* á undangengnum sex mánuðum. Í öllum tilvikum var munurinn eftir starfi tölfræðilega marktækur.

Um ástæður og áhrif neikvæðra athafna eða athugasemda

Um 45% starfsfólks töldu að einni eða fleiri neikvæðum athöfnum eða athugasemdum hafi verið beint gegn sér *öðru hverju eða oft* í starfinu á undangengnum sex mánuðum. Þessi hópur var beðinn að leggja mat á hugsanlegar ástæður þess og áhrif þess á starf sitt.

Í töflu 5.15 má sjá svör við því hvort þátttakendur töldu þessa neikvæðu hegðun tengjast einhverjum atriðum í töflunni. Eins og sjá má tilgreindi tæplega þriðjungur þeirra líklegar ástæður, tæplega fjórðungur taldi enga af tilgreindum ástæðum tengjast athöfnunum, 5% taldi sig ekki vita ástæðuna og ríflega tveir af hverjum fimm svöruðu ekki spurningunni. Meðal þeirra sem tilgreindu ástæður taldi ríflega þriðjungur athafnirnar hafa tengst kynferði sínu og tæplega fimmtungur aldri sínum. Um þrír af hverjum fjórum gáfu upp einhverjar aðrar ástæður, svo sem skapgerð eða öfund geranda, valdatogstreita, vinnuálag eða stöðu og starf þolanda.

Tafla 5.15 Ástæður neikvæðra athafna og athugasemda

	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall miðað við svör	Hlutfall miðað við svarendur*
Merkja við tilgreinda ástæðu eða gefa upp ástæðu	47	29%			
<i>Tengdist...</i>					
<i>Kynferði mínu</i>			17	24%	36%
<i>Aldri mínum</i>			8	11%	17%
<i>Kynhneigð minni</i>			3	4%	6%
<i>Fötlun/hömlun minni</i>			3	4%	6%
<i>Kynþætti mínum eða þjóðerni</i>			3	4%	6%
<i>Öðru en ofangreindu</i>			36	51%	77%
Engin af tilgreindum ástæðum í spurningunni	38	23%			
Veit ekki	8	5%			
Svara ekki	69	43%			
Samtals	162	100%	70	100%	149%

*Nefna mátti fleiri en einn valkost og því er samanlagt hlutfall miðað við svarendur hærra en 100%.

Í töflu 5.16 má sjá svör við því hvort þátttakendur töldu þessa neikvæðu hegðun hafa haft einhver áhrif á starf sitt. Eins og sjá má taldi ríflega þriðjungur að athafnirnar hefðu haft áhrif, um fjórðungur taldi að engin áhrif hefðu verið af þessu og tæplega tveir af hverjum fimm svöruðu ekki spurningunni. Af þeim sem tilgreindu áhrif töldu ríflega fjórir af hverjum fimm að athafnirnar hefðu dregið úr starfsánægju sinni, tæplega helmingur taldi þær hafa valdið því að hann eða hún hefði velt fyrir sér

¹⁹ $\chi^2(2) = 10,31, p < 0,05$

að hætta starfinu og þriðjungur að þær hefðu haft neikvæð áhrif á frammistöðu sína og afköst. Ríflega tíundi hver nefndi önnur áhrif, svo sem að þetta hafi haft áhrif á einkalíf sitt og fjölskyldu.

Tafla 5.16 Áhrif neikvæðra athafna og athugasemda

	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall miðað við svör	Hlutfall miðað við svarendur*
Merkja við tilgreind áhrif eða gefa upp áhrif	58	36%			
<i>Dregið úr starfsánægju minni</i>			49	48%	84%
<i>Haft neikvæð áhrif á frammistöðu mína og afköst í starfinu</i>			19	18%	33%
<i>Valdið því að ég hef velt fyrir mér að hætta starfinu</i>			28	27%	48%
<i>Haft önnur áhrif en ofangreind</i>			7	7%	12%
Engin af tilgreindum áhrifum í spurningunni	42	26%			
Svara ekki	62	38%			
Samtals	162	100%	103	100%	178%

*Nefna mátti fleiri en einn valkost og því er samanlagt hlutfall miðað við svarendur hærra en 100%.

Hlutfall starfsfólks sem upplifði sig sem þolendur eineltis

Eftir að hafa lesið eftirfarandi skilgreiningu á einelti var starfsfólk spurt að því hvort það teldi sig hafa orðið fyrir einelti í starfi sínu eða í tengslum við starf sitt í HÍ á síðastliðnum sex mánuðum²⁰. Um 96% starfsfólks töldu sig ekki vera þolendur eineltis í starfi sínu í HÍ eða í tengslum við það á síðastliðnum sex mánuðum (sjá töflu 5.17). Tæplega 4% (3,9%; +/-1,7%) töldu sig á hinn bóginn vera þolendur eineltis. Hvorki kom fram marktækur munur á hlutfalli karla og kvenna sem töldu sig þolendur eineltis²¹, né var munur eftir því hvort svarendur tilheyrðu aldurshópnum 20-24 ára, 25-44 ára eða voru 45 ára eða eldri²².

Tafla 5.17 Telur þú að þú hafir orðið fyrir einelti í starfi þínu eða í tengslum við starf þitt í Háskóla Íslands á síðastliðnum 6 mánuðum?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Nei	344	96,1
Já, sjaldnar en mánaðarlega	5	1,4
Já, 1-3 sinnum í mánuði	3	0,8
Já, 1-2 sinnum í viku	2	0,6
Já, 3-4 sinnum í viku	1	0,3
Já, oftari en 4 sinnum í viku	3	0,8
Alls	358	100,0

²⁰ Sjá skilgreiningu bls. 6 í aðferðakafli.

²¹ $\chi^2(1) = 0,12, p > 0,05$

²² $\chi^2(2) = 1,37, p > 0,05$

Af þeim 14 sem töldu sig þolendur eineltis voru átta karlar og sex konur. Enginn þeirra 14 var af erlendum uppruna, allir voru gagnkynhneigðir og þrír töldu sig eiga við fötlun eða hömlun að stríða.

Athygli vekur að af þeim 13 starfsmönnum sem gáfu upp hversu lengi þeir höfðu verið lagðir í einelti sögðu 8 að eineltið hefði varað í meira en tvö ár, þar af sögðust fimm þeirra hafa verið lagðir í einelti í meira en fimm ár. Tveir starfsmenn sögðust hafa verið lagðir í einelti í 1-2 ár, aðrir tveir í 6-12 mánuði en einungis einn í innan við þrjá mánuði. Fimm höfðu verið lagðir í einelti af hópi fólks og sjö af fleiri en einni manneskju en einungis tveir sögðust eingöngu hafa verið lagðir í einelti af einni manneskju. Ellefu þolendur nefndu samstarfsmenn sem gerendur eineltisins og átta yfirmenn. Þá nefndu þrír aðra starfsmenn Háskólans sem gerendur og einungis einn nefndi nemandu sem geranda. Af þeim 12 þolendum sem nefndu kyn aðalgeranda eineltisins nefndu fimm konur sem gerendur en sjö nefndu karla.

Nær allt það starfsfólk sem taldi sig vera þolendur eineltis í HÍ á undangengnum sex mánuðum, eða 12 af 14, sögðu eineltið hafa átt sér stað í sínu nánasta starfsumhverfi (t.d. á skrifstofunni), fjórir nefndu hópvinnu eða samvinnu og enn færri nefndu frímínútur, viðtalstíma og party eða skemmtanir tengdar starfinu.

Í sjö tilvikum af 14 hafði eineltið verið tilkynnt, þar af nefndu fimm að þeir hefðu tilkynnt yfirmanni deildar eða stofnunar, fimm tilkynntu það samstarfsmönnum og í tveimur tilvikum var starfsmannasviði háskólans tilkynnt það. Í einungis einu af þeim sjö tilvikum þar sem tilkynnt var um eineltið taldi þolandi að brugðist hefði verið við tilkynningunni í því skyni að hafa áhrif á atburðarrásina.

Af þeim 14 sem töldu sig vera þolendur eineltis sagðist helmingur ekki vita hverjar væru ástæður eineltisins en þrír töldu ástæðu þess tengjast kynferði sínu, einn aldri sínum og einn kynhneigð sinni. Einnig var samkeppni og afbrýðisemi nefnt sem ástæður eineltisins.

Vitni að einelti

Um 13% (13,2%; +/-2,9%) starfsfólks HÍ sögðust hafa orðið vitni að einelti í starfi sínu eða í tengslum við starf sitt á síðastliðnum sex mánuðum (sjá töflu 5.18). Hvorki var munur á hlutfalli karla og kvenna sem höfðu orðið vitni að einelti í HÍ á þessu tímabili²³, né var munur eftir því hvort svarendur tilheyrðu aldurshópnum 20-24 ára, 25-44 ára eða voru 45 ára eða eldri²⁴.

²³ $\chi^2(1) = 1,55, p > 0,05$

²⁴ $\chi^2(2) = 2,66, p > 0,05$

Tafla 5.18 Hefur þú orðið vitni að einelti í starfi þínu eða í tengslum við starf þitt í Háskóla Íslands á síðastliðnum 6 mánuðum?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	308	86,8%
Já, ég hef orðið vitni að einu tilfalli	27	7,6%
Já, ég hef orðið vitni að fleiri en einu tilfalli	20	5,6%
Alls	355	100,0%

Um 15% þeirra sem höfðu orðið vitni að einelti í HÍ á þessu tímabili töldu eineltið hafa tengst kynferði þolanda og riflega tíundi hver aldri hans. Þá nefndu 4% kynhneigð þolanda eða fötlun/hömlun hans sem ástæðu eineltisins og nokkrir nefndu aðrar ástæður fyrir eineltinu, svo sem persónuleika eða framkomu þolanda, samkeppni og afbrýðisemi.

Einelti meðal nemenda og starfsfólks – niðurstöður fyrir heildarhópinn

Eftir að hafa lesið eftirfarandi skilgreiningu á einelti töldu riflega 3% nemenda og starfsfólks Háskóla Íslands sig hafa orðið fyrir einelti í tengslum við nám sitt eða starf *öðru hverju eða oft* á síðastliðnum sex mánuðum (3,4%; +/-1,4%)²⁵.

Um 7% nemenda og starfsfólks HÍ hafði upplifað að einni eða fleirum þessara athafna eða athugasemda hafði verið beint gegn sér vikulega eða oft á undangengnum sex mánuðum (7,1%; +/-2,0%). Riflega 3% höfðu hins vegar upplifað að, að minnsta kosti tveimur athöfnum hafi verið beint gegn sér vikulega eða oft á sama tímabili (3,2%; +/-2,1%).

Kynjamunur

Almennt má segja að ekki hafi komið fram kynjamunur í einelti. Ekki kom fram munur á hlutfalli karla og kvenna sem töldu að, að minnsta kosti einni af þeim 22 athöfnum eða athugasemdum eineltiskvarðans hafi verið beint gegn sér *vikulega eða oft* yfir tímabilið²⁶. Á hinn bóginn voru hlutfallslega fleiri konur en karlar sem töldu að einni eða fleirum af þessum athöfnum eða athugasemdum hafi verið beint gegn sér *öðru hverju eða oft*, eða 55% kvenna á móti 46% karla²⁷.

Almennt var heldur ekki munur á hlutfalli karla og kvenna sem tilteknum neikvæðum athöfnum eða athugasemdum hafði verið beint gegn í námi þeirra eða starfi í HÍ eða í tengslum við það yfir tímabilið. Í þremur tilvikum kom þó fram munur eftir kyni. Þannig sögðust hlutfallslega fleiri konur en karlar hafa orðið fyrir því *öðru hverju eða oft* að legið hafi verið á upplýsingum sem hafði áhrif á frammistöðu þeirra, en 24% kvenna svöruðu þessu til á móti 16% karla²⁸. Þá sögðust hlutfallslega

²⁵ Sjá skilgreiningu bls. 6 í aðferðakafla.

²⁶ $\chi^2(1) = 1,66, p > 0,05$

²⁷ $\chi^2(1) = 4,94, p < 0,05$

²⁸ $\chi^2(1) = 5,01, p < 0,05$

fleiri konur en karlar hafa fengið úthlutuð verkefni með óraunhæfum eða ómögulegum markmiðum eða tímamörkum, eða 22% kvenna á móti 14% karla²⁹ og upplifað óviðráðanlegt vinnuálag, eða tæplega þriðjungur kvenna (31%) en tæplega fimmtungur karla (19%)³⁰.

Aldursmunur

Almennt má segja að ekki hafi komi fram munur á einelti eða neikvæðum athöfnum eða athugasemdum tengdum einelti eftir aldri svarenda. Til dæmis var ekki munur eftir aldurshópum (20-24 ára, 25-44 ára og 45 ára og eldri) á því hvort fólk taldi að, að minnsta kosti einni af athöfnum eða athugasemdum eineltiskvarðans hafði verið beint gegn sér *vikulega eða oft* á undangengnum sex mánuðum³¹. Aftur á móti höfðu hlutfallslega fleiri í aldurshópnum 20-24 ára og 25-44 ára (54-58%) upplifað að einni eða fleirum af þessum athöfnum eða athugasemdum hafði verið beint gegn sér *öðru hverju eða oft* en í aldurshópnum 45 ára og eldri (42%)³².

Þegar tíðni einstaka athafna eða athugasemda eineltiskvarðans er skoðuð kemur í ljós að hlutfallslega fleiri í aldurshópnum 25-44 ára (20%) töldu sig hafa fengið fyrirmæli um að vinna verkefni *öðru hverju eða oft* sem ekki voru samboðin hæfni þeirra en bæði í aldurshópnum 20-24 ára og 45 ára og eldri (11-12%)³³. Þá höfðu hlutfallslega fleiri í aldurshópnum 45 ára og eldri orðið fyrir ásökunum í sinn garð *öðru hverju eða oft*, eða 12% á móti 4-6% þeirra sem voru 20-24 ára eða 25-44 ára³⁴.

Munur á nemendum og starfsfólki

Hlutfallslega mun fleiri nemendur en starfsfólk HÍ töldu að, að minnsta kosti einni neikvæðri athöfn eða athugasemd hafði verið beint gegn sér *öðru hverju eða oft* á undangengnum sex mánuðum, eða 60% nemenda á móti 45% starfsfólks³⁵. Á hinn bóginn var ekki munur á hlutfalli nemenda og starfsfólks sem hafði upplifað að neikvæðum athöfnum eða athugasemdum var beint gegn sér *vikulega eða oft* yfir tímabilið, en um 7% bæði nemenda og starfsfólks höfðu orðið fyrir þessu³⁶.

Á mynd 5.4 má sjá hlutfall nemenda og starfsfólks sem taldi að neikvæðar athafnir eða athugasemdir hafi beinst gegn sér í námi sínu eða starfi í HÍ *öðru hverju eða oft* á síðastliðnum sex mánuðum. Myndin tilgreinir einungis þær athafnir eða athugasemdir þar sem tölfræðilega marktækur munur kom fram á hlutfalli nemenda og starfsfólks sem taldi sig hafa upplifað þær.

²⁹ $\chi^2(1) = 5,64, p < 0,05$

³⁰ $\chi^2(1) = 11,09, p < 0,05$

³¹ $\chi^2(2) = 1,81, p > 0,05$


³² $\chi^2(2) = 9,94, p < 0,05$

³³ $\chi^2(2) = 8,64, p < 0,05$

³⁴ $\chi^2(2) = 8,04, p < 0,05$

³⁵ $\chi^2(1) = 12,91, p < 0,05$

³⁶ $\chi^2(1) = 0,05, p > 0,05$



Mynd 5.4 Hlutfall nemenda og starfsfólks sem tilteknum neikvæðum athöfnum eða athugasemdum var beint gegn í námi þeirra eða starfi í HÍ öðru hverju eða oftár á síðastliðnum sex mánuðum (N=605-609)

Vitni að einelti

Alls höfðu tæplega 12% starfsfólks og nemenda HÍ orðið vitni að einelti á síðastliðnum sex mánuðum (11,5%; +/-2,5). Ekki kom fram munur á hlutfalli þeirra sem höfðu orðið vitni að einelti eftir því hvort vitnið var karl eða kona³⁷, starfsmaður eða nemandi³⁸, eða eftir aldri³⁹. Á hinn bóginn var munur á hlutfalli þeirra sem höfðu orðið vitni að einelti eftir því hvort einni eða fleirum neikvæðum athöfnum eða athugasemdum hafði verið beint gegn þeim sjálfum *öðru hverju eða oftár* yfir tímabilið. Þannig sögðust 19% þeirra sem einni eða fleirum neikvæðum athöfnum eða athugasemdum hafði verið beint gegn öðru hverju eða oftár hafa orðið vitni að einelti á tímabilinu á móti 4% sem ekki höfðu upplifað slíkar athafnir eða athugasemdir í sinn garð á tímabilinu⁴⁰.

³⁷ $\chi^2(1) = 0,12, p > 0,05$

³⁸ $\chi^2(1) = 2,66, p > 0,05$

³⁹ $\chi^2(2) = 3,48, p > 0,05$

⁴⁰ $\chi^2(1) = 35,60, p < 0,05$

V.3 Kynferðisleg áreitni meðal nemenda og starfsfólks í Háskóla Íslands

Í þessum kafla verður greint frá niðurstöðum um kynferðislega áreitni og athafnir tengdar kynferðislegri áreitni meðal nemenda og starfsfólks Háskóla Íslands. Eins og í kaflanum um einelti verðu fyrst fjallað um kynferðislega áreitni meðal nemenda, þá um kynferðislega áreitni meðal starfsfólks skólans og að lokum er fjallað um niðurstöður sem byggist á heildarhópnum, það er bæði á svarendum úr hópi nemenda og starfsfólks.

Kynferðisleg áreitni meðal nemenda

Nemendur voru beðnir um að taka afstöðu til þess hversu oft á undangengnum sex mánuðum 11 mismunandi athöfnum eða athugasemdum af kynferðislegum toga var beint gegn sér í náminu í HÍ eða í tengslum það (sjá töflu 5.19). Eins og sjá má í töflunni töldu langflestir að þessum athöfnum eða athugasemdum hafi aldrei verið beint gegn sér á tímabilinu, eða á bilinu 93-99,6% eftir því hvaða athöfn eða athugasemd um ræðir.


Tafla 5.19 Hversu oft á síðastliðnum 6 mánuðum hefur eftirfarandi athöfnum eða athugasemdum verið beint gegn þér í námi þínu eða í tengslum við nám þitt í Háskóla Íslands (N=250-254):

	Aldrei %	Vikmörk %	Einu sinni %	2-5 sinnum %	Oftar en 5 sinnum %	Alls %
Athugasemdum um líkama þinn, klæðnað eða lífsstíl sem þú kærðir þig ekki um	93	+/-3,1	4,8	1,2	0,8	100
Séð myndir og/eða niðrandi efni af kynferðislegum toga	95	+/-2,8	4,4	0,8	0,0	100
Glápi eða öðru óþægilegu augntilliti af kynferðislegum toga	95	+/-2,6	1,6	3,2	0,0	100
Öðrum athugasemdum af kynferðislegum toga	96	+/-2,5	2,8	1,6	0,0	100
Að einhver gerðist kynferðislega áleitn(n) við þig sem þú kærðir þig ekki um og fannst óþægilegt og sem ekki fól í sér hótun eða loforð um umbun	97	+/-2,0	2,8	0,0	0,0	100
Líkamlegri snertingu af kynferðislegum toga, s.s. klappi, klipi eða faðmlegi sem þú kærðir þig ekki um	98	+/-1,9	2,4	0,0	0,0	100
Að orárómi af kynferðislegum toga var komið af stað um þig	98	+/-1,7	0,8	1,2	0,0	100
Símtölum eða bréfum af kynferðislegum toga sem þú kærðir þig	99	+/-1,3	0,8	0,4	0,0	100
Tillögu eða kröfu um kynferðislegt samneyti sem þú kærðir þig ekki um gegn umbun	99	+/-1,1	0,8	0,0	0,0	100
Kröfu um kynferðislegt samneyti sem þú kærðir þig ekki um og sem fylgdi hótun um refsingu eða höft að einhverju tagi ef þú neitaðir	99,6	+/-0,8	0,0	0,0	0,4	100
Kynferðislegri valdbeitingu, tilraun til nauðgunar eða nauðgun	99,6	+/-0,8	0,4	0,0	0,0	100

Eins og sjá má á mynd 5.5 sögðust 7% nemenda hafa orðið fyrir því að athugasemdum um líkama sinn, klæðnað, eða lífsstíl sem þeir kærðu sig ekki um hafði verið beint gegn sér á tímabilinu og 5% nefndu gláp eða óþægilegt augntillit af kynferðislegum toga og að hafa séð myndir og annað niðrandi efni sem þeir kærðu sig ekki um. Einn nemandi hafði verið krafinn um kynferðislegt samneyti sem

hann kærði sig ekki um og sem fylgdi hótun um refsingu eða höft að einhverju tagi ef hann neitaði og einn sagðist hafa orðið fyrir kynferðislegri valdbeitingu, tilraun til nauðgunar eða nauðgun einu sinni á tímabilinu. Á bilinu 13% nemenda hafði orðið fyrir líkamlegri snertingu af kynferðislegum toga, fengið símtöl eða send bréf af kynferðislegum toga, upplifað kynferðislega áleitni án hótana eða borist tillaga eða krafa um kynferðislegt samneyti gegn umbun sem þeir kærðu sig ekki um.

Alls höfðu riflega 16% nemenda upplifað að einni eða fleirum þessara 11 athafna eða athugasemda hafi verið beint gegn sér *einu sinni eða oft* á undangengnum sex mánuðum (16,3%; +/-4,5%). Tæplega 7% töldu hins vegar að einni eða fleirum þessara athafna eða athugasemda hafi verið beint gegn sér tvisvar sinnum eða oft á tímabilinu (6,6%; +/-3,0%) og um 1% oft en 5 sinnum (1,2%; +/-1,3%).



Mynd 5.5 Hlutfall nemenda HÍ sem tilteknum neikvæðum athöfnum eða athugasemdum af kynferðislegum toga var beint gegn í námi þeirra eða í tengslum við það einu sinni eða oft á síðastliðnum 6 mánuðum (N=250-254)

Kynjamunur ekki til staðar

Í þeim fáu tilvikum sem gögnin uppfylltu forsendur tölfræðiprófsins Kí-kvaðrat var ekki munur á hlutfalli karla og kvenna sem orðið höfðu fyrir kynferðislegri áreitni á undangengnum sex mánuðum í námi sínu í HÍ eða í tengslum við það. Ekki var munur á hlutfalli karla og kvenna sem töldu að einni eða fleirum af þeim 11 athöfnum eða athugasemdum áreitniskvarðans hafi verið beint gegn sér *einu sinni eða oft* yfir tímabilið⁴¹. Þá var heldur ekki munur á hlutfalli karla og kvenna sem höfðu upplifað athugasemdir um líkama sinn, klæðnað eða lífstíl sem þau kærðu sig ekki um⁴², en það var eina athöfnin sem hægt var að prófa marktækt fyrir.

Aldursmunur ekki til staðar

Ekki kom fram munur á því hvort fólk hafði orðið fyrir kynferðislegri áreitni í námi sínu í HÍ eða í tengslum við það á síðastliðnum sex mánuðum þegar tiltekna athafnir eða athugasemdir áreitniskvarðans voru skoðaðar í þeim fáu tilvikum þar sem gögnin uppfylltu forsendur marktektarprófsins. Bornir voru saman þrjú aldurshópar; 20-24 ára, 25-44 ára og 45 ára og eldri. Ekki var heldur munur eftir aldurshópum á hlutfalli þeirra sem einni eða fleirum af þeim 11 athöfnum eða athugasemdum hafði verið beint gegn *einu sinni eða oft*⁴³.

Munur eftir námssviðum ekki til staðar

Athugað var hvort mismunandi væri hvort neikvæðum athugasemdum eða athöfnum af kynferðislegum toga hafi verið beint gegn nemendum eftir því á hvaða sviði innan Háskólans þeir stunduðu nám. Nemendum var skipt upp í hópa eftir því á hvaða sviði innan háskólans þeir voru skráðir til náms, það er félagsvísindasviði, hugvísindasviði, heilbrigðisvísindasviði, eða raunvísinda- og verkfræðisviði (sjá nánari umfjöllun um skiptingu eftir námssviðum bls. 17). Einungis reyndist unnt að kanna marktækt eftir námssviðum á hlutfalli nemenda sem hafði upplifað að, að minnsta kosti einni athöfn var beint gegn sér *einu sinni eða oft* og var munurinn ekki marktækur⁴⁴.

Um ástæður og áhrif neikvæðra athafna eða athugasemda af kynferðislegum toga

Um 16% nemenda töldu að einni eða fleiri neikvæðum athöfnum eða athugasemdum af kynferðislegum toga hafi verið beint gegn sér *einu sinni eða oft* í náminu á síðastliðnum sex mánuðum. Þeir voru beðnir að leggja mat á hugsanlegar ástæður þess og áhrif þess á nám sitt.

Í töflu 5.20 má sjá svör við því hvort nemendurnir teldu þessa neikvæðu hegðun tengjast einhverjum atriðum í töflunni. Eins og sjá má tilgreindi um fimmtungur þeirra líklegar ástæður, 5% töldu enga af tilgreindum ástæðum tengjast athöfnunum, um tíundi hver taldi sig ekki vita ástæðuna og um þrjú af

⁴¹ $\chi^2(1) = 0,98, p > 0,05$

⁴² $\chi^2(1) = 2,22, p > 0,05$

⁴³ $\chi^2(2) = 2,22, p > 0,05$

⁴⁴ $\chi^2(1) = 0,80, p > 0,05$

hverjum fimm svöruðu ekki spurningunni. Meðal þeirra sem tilgreindu ástæður töldu flestir, eða 7, athafnirnar hafa tengst kynferði sínu.

Tafla 5.20 Ástæður neikvæðra athafna eða athugasemda af kynferðislegum toga

	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall miðað við svör	Hlutfall miðað við svarendur*
Merkja við tilgreinda ástæðu eða gefa upp ástæðu	8	19%			
<i>Tengdist...</i>					
<i>Kynferði mínu</i>			7	78%	88%
<i>Aldri mínum</i>			1	11%	13%
<i>Kynhneigð minni</i>			0	0%	0%
<i>Fötlun/hömlun minni</i>			0	0%	0%
<i>Kynþætti mínum eða þjóðerni</i>			0	0%	0%
<i>Öðru en ofangreindu</i>			1	11%	13%
Engin af tilgreindum ástæðum í spurningunni	2	5%			
Veit ekki	5	12%			
Svara ekki	27	64%			
Samtals	42	100%	9	100%	113%

*Nefna mátti fleiri en einn valkost og því er samanlagt hlutfall miðað við svarendur hærra en 100%.

Í töflu 5.21 má sjá svör við því hvaða áhrif nemendur töldu þessa neikvæðu hegðun hafa haft. Eins og sjá má í töflunni nefndu einungis örfáir þessara nemenda tiltekin áhrif á nám sitt. Tæplega helmingur taldi engin áhrif hafa átt sér stað og tæplega helmingur svaraði ekki spurningunni.

Tafla 5.21 Áhrif neikvæðra athafna eða athugasemda af kynferðislegum toga

	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall miðað við svör	Hlutfall miðað við svarendur*
Merkja við tilgreind áhrif eða gefa upp áhrif	3	7%			
<i>Haft neikvæð áhrif á frammistöðu mína í náminu</i>			1	33%	33%
<i>Valdið nokkrum tögum á náminu</i>			0	0%	0%
<i>Valdið verulegum tögum á náminu</i>			0	0%	0%
<i>Valdið því að ég hef velt fyrir mér að hætta náminu</i>			0	0%	0%
<i>Haft önnur áhrif en ofangreind</i>			2	67%	67%
Engin af tilgreindum áhrifum í spurningunni	19	45%			
Svara ekki	20	48%			
Samtals	42	100%	3	100%	100%

*Nefna mátti fleiri en einn valkost og því er samanlagt hlutfall miðað við svarendur hærra en 100%.

Í töflu 5.21 má sjá svör við því hvort þátttakendur teldu þessa neikvæðu hegðun hafa haft einhver þau áhrif á nám sitt sem nefnd eru í töflunni. Eins og sjá má tilgreindi 7% áhrif athafnanna, tæplega helmingur taldi engin tilgreind áhrif hafa átt sér stað og tæplega helmingur svaraði ekki spurningunni.

Hlutfall nemenda sem upplifði sig sem þolendur kynferðislegrar áreitni

Eftir að hafa lesið eftirfarandi skilgreiningu á kynferðislegri áreitni voru nemendur spurðir að því hvort þeir teldu sig hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni í námi sínu eða í tengslum við nám sitt í HÍ á síðastliðnum sex mánuðum. Kynferðisleg áreitni var skilgreind sem...

...meðvitaðar og/eða endurteknar athugasemdir, athafnir eða líkamleg snerting af kynferðislegum toga sem eru óvelkomnar, ósanngjarnar, móðgandi og/eða særandi fyrir þann sem verður fyrir þeim.

Ríflega 97% nemenda töldu sig ekki vera þolendur kynferðislegrar áreitni í námi sínu í HÍ eða í tenglum við það á síðastliðnum sex mánuðum. Tæplega 3% nemenda (2,7%; +/-2,0%) töldu sig aftur á móti vera þolendur kynferðislegrar áreitni í HÍ á þessu tímabili (sjá töflu 5.22).

Tafla 5.22 Telur þú að þú hafir orðið fyrir kynferðislegri áreitni í námi þínu eða í tengslum við nám þitt í Háskóla Íslands á síðastliðnum 6 mánuðum?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Nei	250	97,3
Já, einu sinni	7	2,7
Já, 2-5 sinnum	0	0,0
Já, oftar en 5 sinnum	0	0,0
Alls	257	100,0

Af þeim sjö sem töldu sig vera þolendur kynferðislegrar áreitni voru tveir karlar og fimm konur. Enginn þeirra var af erlendum uppruna, allir voru gagnkynhneigðir og enginn taldi sig eiga við fötlun eða hömlun að stríða.

Allir þolendurnir sjö höfðu verið áreittir einu sinni og sex þeirra höfðu eingöngu verið áreittir af einni manneskju en einn af fleiri en einni manneskju. Einn þolandi nefndi leiðbeinanda sem geranda áreitninnar en fjórir nefndu aðra nemendur sem gerendur. Fimm þeirra sem nefndu kyn þess sem áreitti mest nefndu karla sem gerendur og tveir nefndu konur.

Í tveimur tilvikum sögðust þolendur hafa verið áreittir í fyrirlestrum eða kennslustundum, tveir í sínu nánasta námsumhverfi (t.d. á lesstofunni) og tveir nefndu skemmtanir eða party tengd náminu í þessu samhengi. Einnig voru frímínútur og hópvinna nefndar í þessu samhengi. Enginn þolendanna sjö sagðist hafa tilkynnt áreitnina. Af þeim sjö nemendum sem töldu sig vera þolendur kynferðislegrar áreitni nefndu fjórir kynferði sitt sem ástæðu áreitninnar og þrír aldur sinn.

Vitni að kynferðislegri áreitni

Í töflu 5.23 má sjá að 5 nemendur eða 2% töldu sig hafa orðið vitni að kynferðislegri áreitni í námi sínu í HÍ eða í tengslum við nám sitt á undangengnum sex mánuðum (2,0%; +/-1,7%).

Tafla 5.23 Hefur þú orðið vitni að kynferðislegri áreitni í námi þínu eða í tengslum við nám þitt í Háskóla Íslands á síðastliðnum 6 mánuðum?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	251	98,0%
Já, ég hef orðið vitni að einu tilfalli	4	1,6%
Já, ég hef orðið vitni að fleiri en einu tilfalli	1	0,4%
Alls	256	100,0%

Tveir þeirra fimm sem höfðu orðið vitni að kynferðislegri áreitni í HÍ á þessu tímabili töldu áreitnina hafa tengst kynferði þolanda, en einnig var aldur, kynhneigð og fötlun/hömlun þolanda nefnt sem ástæða áreitninnar.


Kynferðisleg áreitni meðal starfsfólks

Starfsfólk var beðið um að taka afstöðu til þess hversu oft á undangengnum sex mánuðum 11 mismunandi athöfnum eða athugasemdum af kynferðislegum toga var beint gegn þeim í starfinu í HÍ eða í tengslum það (sjá töflu 5.24). Eins og sjá má í töflunni taldi langflest starfsfólksins að þessum athöfnum eða athugasemdum hafi aldrei verið beint gegn sér á tímabilinu, eða á bilinu 92-99,7% eftir því hvaða athöfn eða athugasemd um ræðir. Nokkuð var þó misjafnt eftir athöfnum hversu algengt var að starfsfólks taldi sig hafa upplifað þær.

Tafla 5.24 Hversu oft á síðastliðnum 6 mánuðum hefur eftirfarandi athöfnum eða athugasemdum verið beint gegn þér í starfi þínu eða í tengslum við starf þitt í Háskóla Íslands (N=344-355):

	Aldrei %	Vikmörk %	Einu sinni %	2-5 sinnum %	Oftar en 5 sinnum %	Alls %
Athugasemdum um líkama þinn, klæðnað eða lífsstíl sem þú kærðir þig ekki um	92	+/-2,4	4,3	2,0	1,4	100
Öðrum athugasemdum af kynferðislegum toga	96	+/-1,7	1,4	2,0	0,3	100
Séð myndir og/eða niðrandi efni af kynferðislegum toga	97	+/-1,5	1,2	1,4	0,6	100
Glápi eða öðru óþægilegu augntilliti af kynferðislegum toga	97	+/-1,4	2,0	0,3	0,3	100
Líkamlegri snertingu af kynferðislegum toga, s.s. klappi, klipi eða faðmlagi sem þú kærðir þig ekki um	98	+/-1,2	0,3	0,9	0,6	100
Að orárómi af kynferðislegum toga var komið af stað um þig	99	+/-0,8	0,3		0,6	100
Símtölum eða bréfum af kynferðislegum toga sem þú kærðir þig ekki um	99	+/-0,7	0,0	0,3	0,3	100
Að einhver gerðist kynferðislega áleitinn(n) við þig sem þú kærðir þig ekki um og fannst óþægilegt og sem ekki fól í sér hótun eða loforð um umbun	99	+/-0,7	0,0	0,3	0,3	100
Tillögu eða kröfu um kynferðislegt samneyti sem þú kærðir þig ekki um gegn umbun	99,7	+/-0,5	0,0	0,0	0,3	100
Kröfu um kynferðislegt samneyti sem þú kærðir þig ekki um og sem fylgdi hótun um refsingu eða höft að einhverju tagi ef þú neitaðir	99,7	+/-0,5	0,0	0,0	0,3	100
Kynferðislegri valdbeitingu, tilraun til nauðgunar eða nauðgun	99,7	+/-0,5	0,0	0,0	0,3	100

Á mynd 5.6 má sjá hlutfall þess starfsfólks sem taldi tiltekna athafnir eða athugasemdir hafa beinst gegn sér *einu sinni eða oftar* á tímabilinu. Tæplega einn af hverjum tíu hafði upplifað að athugasemdum sem það kærði sig ekki um, um líkama sinn, klæðnað eða lífsstíl var beint gegn sér, 4% nefndi aðrar athugasemdir af kynferðislegum toga, 3% nefndi gláp eða óþægilegt augntillit af kynferðislegum toga og að hafa séð myndir og annað niðrandi efni sem það kærði sig ekki um. Einum hafði borist tillaga eða krafa um kynferðislegt samneyti sem hann/hún kærði sig ekki um gegn umbun eða sem fylgdi hótun um refsingu eða höft að einhverju tagi ef það neitaði. Einn sagðist hafa orðið fyrir kynferðislegri valdbeitingu, tilraun til nauðgunar eða nauðgun einu sinni á undangengnum 6 mánuðum í starfi sínu eða í tengslum við starf sitt í HÍ.



Mynd 5.6 Hlutfall starfsfólks HÍ sem tilteknum neikvæðum athöfnum eða athugasemdum af kynferðislegum toga var beint gegn í starfi þeirra eða í tengslum við það einu sinni eða oftar á síðastliðnum 6 mánuðum (N=344-355)

Alls höfðu ríflega 14% starfsfólks upplifað að einni eða fleirum þessara 11 athafna eða athugasemda hafði verið beint gegn þeim *einu sinni eða oft* á undangengnum 6 mánuðum (13,9%; +/-3,0%). Tæplega 8% töldu hins vegar að einni eða fleirum þessara athafna eða athugasemda hafi verið beint gegn sér tvisvar sinnum eða oft á tímabilinu (7,5%; +/-2,3%) og um 2% oft en 5 sinnum (1,9%; +/-1,2%).

Kynjamunur ekki til staðar

Í þeim fáu tilvikum sem gögnin uppfylltu forsendur tölfræðiþrófsins Kí-kvaðrat var ekki munur á hlutfalli karla og kvenna sem töldu að tilteknum athöfnum eða athugasemdum af kynferðislegum toga hafi verið beint gegn sér í starfi sínu í HÍ á undangengnu sex mánaða tímabili. Ekki var munur á hlutfalli karla og kvenna sem töldu að einni eða fleirum af þeim 11 athöfnum eða athugasemdum áreitniskvarðans hafi verið beint gegn sér *einu sinni eða oft* yfir tímabilið⁴⁵.

Aldursmunur

Nokkur aldersmunur var á tíðni kynferðislegrar áreitni. Munur var á hlutfalli þeirra sem töldu að einni eða fleirum af þeim 11 athöfnum eða athugasemdum áreitniskvarðans hafi verið beint gegn sér *einu sinni eða oft* eftir aldri. Þannig sögðust 21% starfsfólksins á aldrinum 25-44 ára hafa upplifað það en ríflega 9% þeirra sem voru 45 ára og eldri⁴⁶. Þá sögðust ríflega 12% starfsfólks á aldrinum 25-44 ára hafa fengið athugasemdir sem það kærði sig ekki um, um líkama sinn, klæðnað eða lífsstíl, tæplega 5% þeirra sem voru 45 ára eða eldri en enginn þeirra sem var á aldrinum 20-24 ára, en það var eina athöfnin sem hægt var að kanna marktækt fyrir⁴⁷.

Ekki hægt að prófa mun eftir starfi

Ekki reyndist unnt að kanna marktækt á kynferðislegri áreitni eftir starfi vegna fámennis í hópum.

Um ástæður og áhrif neikvæðra athafna eða athugasemda af kynferðislegum toga

Um 14% starfsfólks töldu að einni eða fleiri neikvæðum athöfnum eða athugasemdum af kynferðislegum toga hafi verið beint gegn sér *einu sinni eða oft* í starfinu á síðastliðnum sex mánuðum. Sá hópur var beðinn að leggja mat á hugsanlegar ástæður þess og áhrif þess á starf sitt.

Í töflu 5.25 má sjá svör við því hvort starfsfólk taldi þessa neikvæðu hegðun tengjast einhverjum atriðum í töflunni. Eins og sjá má tilgreindi um fjórðungur líklegar ástæður, um tíundi hver taldi enga af tilgreindum ástæðum tengjast athöfnunum og um þrjú af hverjum fimm svöruðu ekki spurningunni. Meðal þeirra sem tilgreindu ástæður töldu um þrjú af hverjum fjórum athafnirnar hafa tengst kynferði sínu og tæplega fjórðungur aldri sínum.

⁴⁵ $\chi^2(1) = 0,90, p > 0,05$

⁴⁶ $\chi^2(2) = 12,24, p < 0,05$

⁴⁷ $\chi^2(2) = 8,02, p < 0,05$

Tafla 5.25 Ástæður neikvæðra athafna eða athugasemda af kynferðislegum toga

	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall miðað við svör	Hlutfall miðað við svarendur*
Merkja við tilgreinda ástæðu eða gefa upp ástæðu	13	26%			
<i>Tengdist...</i>					
<i>Kynferði mínu</i>			10	63%	77%
<i>Aldri mínum</i>			3	19%	23%
<i>Kynhneigð minni</i>			1	6%	8%
<i>Fötlun/hömlun minni</i>			0	0%	0%
<i>Kynþætti mínum eða þjóðerni</i>			0	0%	0%
<i>Öðru en ofangreindu</i>			2	13%	15%
Engin af tilgreindum ástæðum í spurningunni	6	12%			
Veit ekki	0	0%			
Svara ekki	31	62%			
Samtals	50	100%	16	100%	123%

*Nefna mátti fleiri en einn valkost og því er samanlagt hlutfall miðað við svarendur hærra en 100%.

Í töflu 5.26 má sjá svör við því hvort þátttakendur töldu þessa neikvæðu hegðun hafa haft einhver þau áhrif á starf sitt sem nefnd eru í töflunni. Eins og sjá má tilgreindu einungis fjórir einhver áhrif athafnanna, um helmingur tilgreindi engin áhrif og um tveir af hverjum fimm svöruðu ekki spurningunni. Meðal þeirra sem tilgreindu áhrif töldu tveir að athafnirnar hefðu dregið úr starfsánægju sinni og þrír töldu þær hafa valdið því að hann eða hún hafði velt fyrir sér að hætta starfinu.

Tafla 5.26 Áhrif neikvæðra athafna eða athugasemda af kynferðislegum toga

	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall miðað við svör	Hlutfall miðað við svarendur*
Merkja við tilgreind áhrif eða gefa upp áhrif	4	8%			
<i>Dregið úr starfsánægju minni</i>			2	29%	50%
<i>Haft neikvæð áhrif á frammistöðu mína og afköst í starfinu</i>			1	14%	25%
<i>Valdið því að ég hef velt fyrir mér að hætta starfinu</i>			3	43%	75%
<i>Haft önnur áhrif en ofangreind</i>			1	14%	25%
Engin af tilgreindum áhrifum í spurningunni	26	52%			
Svara ekki	20	40%			
Samtals	50	100%	7	100%	175%

*Nefna mátti fleiri en einn valkost og því er samanlagt hlutfall miðað við svarendur hærra en 100%.

Hlutfall starfsfólks sem upplifði sig sem þolendur kynferðislegrar áreitni

Eftir að hafa lesið eftirfarandi skilgreiningu á kynferðislegri áreitni⁴⁸ var starfsfólk spurt að því hvort það teldi sig hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni í starfi sínu eða í tengslum við starf sitt í HÍ á síðastliðnum sex mánuðum.

Fimm starfsmenn (1,4%; +/-1,0%) töldu sig hafa verið þolendur kynferðislegrar áreitni í starfi sínu í HÍ á undangengnum sex mánuðum (sjá töflu 5.27).

Tafla 5.27 Telur þú að þú hafir orðið fyrir kynferðislegri áreitni í starfi þínu eða í tengslum við starf þitt í Háskóla Íslands á síðastliðnum 6 mánuðum?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Nei	354	98,6
Já, einu sinni	0	0,0
Já, 2-5 sinnum	3	0,8
Já, oftár en 5 sinnum	2	0,6
Alls	359	100,0

Af þeim fimm sem töldu sig þolendur kynferðislegrar áreitni voru tveir karlar og þrjár konur. Enginn þeirra var af erlendum uppruna, allir voru gagnkynhneigðir og enginn taldi sig eiga við fötlun eða hömlun að stríða.

Tveir þolendanna höfðu verið áreittir í innan við þrjá mánuði, aðrir tveir í 6-12 mánuði og einn í meira en fimm ár. Fjórir höfðu eingöngu verið áreittir af einni manneskju og einn af fleiri en einni manneskju. Einn þolandi sagði að nemendur hefðu áreitt sig, annar undirmenn og þrír nefndu aðra starfsmenn háskólans heldur en undirmenn, samstarfsmenn eða yfirmenn. Fjórir þeirra sem nefndu kyn þess sem áreitti mest nefndu karla sem gerendur og tveir nefndu konur.

Þrjár af þeim fimm sem töldu sig vera þolendur kynferðislegrar áreitni í HÍ á undangengnu sex mánaða tímabili sögðu áreitnina hafa átt sér stað í sínu nánasta starfsumhverfi (t.d. á skrifstofunni), einn nefndi í hópvinnu eða samvinnu og einn viðtalstíma.

Tveir þolendanna tilkynntu áreitnina, annar samstarfsmanni en hinn geranda og í því tilviki taldi þolandi að brugðist hafi verið við tilkynningu sinni í því skyni að hafa áhrif á atburðarrásina.

Af þeim fimm sem töldu sig vera þolendur kynferðislegrar áreitni nefndu fjórir kynferði sitt sem ástæðu áreitninnar, tveir aldur sinn, einn kynhneigð sína og einn kynþátt sinn eða þjóðerni.

⁴⁸ Sjá skilgreiningu bls. 6 í aðferðakafla.

Vitni að kynferðislegri áreitni

Um 4% (3,7%; +/-1,6%) starfsfólks HÍ töldu sig hafa orðið vitni að kynferðislegri áreitni í starfi sínu eða í tengslum við starf sitt á síðastliðnum sex mánuðum (sjá töflu 5.27). Hvorki var munur á hlutfalli karla og kvenna sem höfðu orðið vitni að kynferðislegri áreitni á þessu tímabili⁴⁹, né eftir því hvort svarendur tilheyrðu aldurshópnum 20-24 ára, 25-44 ára eða voru 45 ára eða eldri⁵⁰.

Tafla 5.27 Hefur þú orðið vitni að kynferðislegri áreitni í starfi þínu eða í tengslum við starf þitt í Háskóla Íslands á síðastliðnum 6 mánuðum?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	344	96,4%
Já, ég hef orðið vitni að einu tilfelli	6	1,7%
Já, ég hef orðið vitni að fleiri en einu tilfelli	7	2,0%
Alls	357	100,0%

Tíu af þrettán sem höfðu orðið vitni að kynferðislegri áreitni í HÍ á þessu tímabili töldu áreitnina hafa tengst kynferði þolanda, fjórir aldri hans og þrír kynþætti hans eða þjóðerni.

Kynferðisleg áreitni meðal nemenda og starfsfólks – niðurstöður fyrir heildarhópinn

Þegar heildarhópurinn er skoðaður má sjá að eftir að hafa lesið skilgreiningu á kynferðislegri áreitni töldu um 2% nemenda og starfsfólks HÍ sig hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni í Háskóla Íslands á síðastliðnum sex mánuðum (1,9%; +/-1,1%).

Alls höfðu tæplega 15% nemenda og starfsfólks upplifað að einni eða fleirum af 11 athöfnum eða athugasemdum af kynferðislegum toga hafi verið beint gegn sér *einu sinni eða oft* yfir tímabilið (14,9%; +/-2,8%). Ríflega 7% heildarhópsins töldu að einni eða fleirum þessara athafna eða athugasemda hafi verið beint gegn sér tvisvar sinnum eða oft á tímabilinu (7,1%; +/-2,0%).

Kynjamunur

Almennt má segja að ekki hafi komið fram kynjamunur á tíðni kynferðislegrar áreitni. Hvorki var munur á hlutfalli karla og kvenna sem töldu sig þolendur kynferðislegrar áreitni í námi sínu eða starfi í HÍ á undangengnum sex mánuðum⁵¹, né á hlutfalli karla og kvenna sem töldu að einni eða fleirum af 11 athöfnum eða athugasemdum af kynferðislegum toga hafi verið beint gegn sér *einu sinni eða oft* yfir tímabilið⁵².

⁴⁹ $\chi^2(1) = 0,01, p > 0,05$

⁵⁰ $\chi^2(2) = 0,76, p > 0,05$

⁵¹ $\chi^2(1) = 0,17, p > 0,05$

⁵² $\chi^2(1) = 0,07, p > 0,05$

Þá reyndist almennt ekki vera munur á hlutfalli karla og kvenna sem höfðu orðið fyrir tilteknum athöfnum eða athugasendum kynferðislegrar áreitni þar sem unnt var að prófa það, nema meðal þeirra sem höfðu fundið fyrir glápi eða óþægilegu augntilliti af kynferðislegum toga. Ríflega 5% kvenna töldu sig hafa orðið fyrir slíku *einu sinni eða oft* á tímabilinu en einungis um 1% karla⁵³.

Aldursmunur

Nokkur aldursmunur var á tíðni kynferðislegrar áreitni. Bornir voru saman aldurshóparnir 20-24 ára 25-44 ára og 45 ára og eldri. Munur kom fram á hlutfalli þeirra sem töldu að einni eða fleirum af þeim 11 athöfnum eða athugasemdum af kynferðislegum toga hafa verið beint gegn sér *einu sinni eða oft* á undangengnum sex mánuðum. Það átti við um á bilinu 16-19% nemenda og starfsfólks á aldrinum 20-44 á móti ríflega 8% þeirra sem eldri voru (45 ára og eldri)⁵⁴.

Þegar tíðni einstakra athafna eða athugasemda, sem talin eru fela í sér kynferðislega áreitni, voru skoðuð kom í ljós að almennt var ekki munur eftir aldri á hlutfalli þeirra sem töldu þær hafa beinst gegn sér. Í þeim tilvikum þar sem að gögnin uppfylltu forsendur tölfræðiprófsins Kí-kvaðrat var til að mynda ekki munur eftir aldurshópunum þremur á hlutfalli þeirra sem sögðust hafa upplifað athugasemdir sem þau kærðu sig ekki um, um líkama sinn, klæðnað eða lífsstíl⁵⁵, aðrar athugasemdir af kynferðislegum toga⁵⁶ eða séð myndir eða annað efni af kynferðislegum toga⁵⁷. Á hinn bóginn höfðu hlutfallslega fleiri í aldurshópunum 20-24 ára og 25-44 ára fundið fyrir glápi eða óþægilegu augntilliti af kynferðislegum toga *einu sinni eða oft* yfir tímabilið (5-6%) samanborið við 45 ára og eldra (innan við 1%)⁵⁸.

Munur á nemendum og starfsfólki ekki til staðar

Ekki kom fram munur á hlutfalli þeirra sem töldu að einni eða fleirum af þeim 11 athöfnum eða athugasemdum áreitniskvarðans hafi verið beint gegn sér *einu sinni eða oft* yfir tímabilið, en 14% starfsfólks svaraði þessu til en 16% nemenda⁵⁹. Ekki var heldur munur á hlutfalli nemenda og starfsfólks sem taldi sig þolendur kynferðislegrar áreitni á tímabilinu, en um 3% nemenda töldu sig hafa verið þolendur og 2% starfsfólks⁶⁰.

⁵³ $\chi^2(1) = 7,29, p < 0,05$

⁵⁴ $\chi^2(2) = 11,30, p < 0,05$

⁵⁵ $\chi^2(2) = 4,48, p > 0,05$

⁵⁶ $\chi^2(2) = 3,61, p > 0,05$

⁵⁷ $\chi^2(2) = 3,07, p > 0,05$

⁵⁸ $\chi^2(2) = 9,09, p < 0,05$

⁵⁹ $\chi^2(1) = 0,74, p > 0,05$

⁶⁰ $\chi^2(1) = 0,81, p > 0,05$

Vitni að kynferðislegri áreitni

Alls höfðu 3% starfsfólks og nemenda HÍ orðið vitni að kynferðislegri áreitni á undangengnum sex mánuðum í námi sínu eða starfi í Háskóla Íslands (2,9%; +/-1,3%). Ekki kom fram munur á hlutfalli þeirra sem höfðu orðið vitni að kynferðislegri áreitni eftir því hvort vitnið var karl eða kona⁶¹ né kom fram munur á hlutfalli þeirra sem höfðu orðið vitni að slíkri áreitni eftir aldri⁶².

V.4 Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands

Bæði nemendur og starfsmenn voru spurðir hvort þeir hefðu heyrt um jafnréttisáætlun Háskóla Íslands og hversu mikla eða litla þekkingu þeir teldu sig hafa á því hvað fælist í áætluninni. Niðurstöður eru birtar í töflum 5.28 og 5.29. Hlutfallslega mun fleira starfsfólk en nemendur höfðu heyrt um jafnréttisáætlun HÍ, eða fjórir af hverjum fimm starfsmönnum á móti þremur af hverjum fimm nemendum⁶³. Ekki var munur eftir kyni, hvorki meðal nemenda⁶⁴ né starfsfólks⁶⁵ en munur kom fram eftir aldri þegar heildarhópurinn var skoðaður. Hlutfall þeirra sem höfðu heyrt um áætlunina jókst með aldri⁶⁶.

Tafla 5.28 Hlutfall nemenda og starfsmanna HÍ sem hefur heyrt um jafnréttisáætlun HÍ – skipt eftir kyni og aldri

	Nemendur		Starfsfólk	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Allir	152	59%	284	80%
<i>Kyn</i>				
Karlar	43	57%	145	79%
Konur	109	61%	138	81%
<i>Aldur</i>				
20 - 24 ára	60	57%	12	75%
25 - 34 ára	57	56%	37	76%
35 - 44 ára	13	59%	69	78%
45 - 54 ára	15	88%	102	82%
55 ára og eldri	5	100%	55	83%

Spurningin um hversu mikla eða litla þekkingu nemendur eða starfsfólk teldi sig hafa á því hvað fælist í jafnréttisáætlun HÍ var mæld á fimm punkta mælistiku, það er frá *mjög litla* til *mjög mikla* þekkingu. Eins og sjá má í töflu 5.29 hafa svör þeirra sem merktu við *frekar litla* og *mjög litla* þekkingu verið flokkuð saman og svör þeirra sem merktu við *frekar mikla* og *mjög mikla* þekkingu verið flokkuð saman. Hlutfallslega mun fleira starfsfólk en nemendur taldi sig hafa mikla þekkingu á því hvað fælist

⁶¹ $\chi^2(1) = 1,15, p > 0,05$

⁶² $\chi^2(2) = 1,03, p > 0,05$

⁶³ $\chi^2(1) = 29,58, p < 0,05$

⁶⁴ $\chi^2(1) = 0,12, p > 0,05$

⁶⁵ $\chi^2(1) = 0,28, p > 0,05$

í jafnréttisáætlun HÍ. Um fjórðungur starfsfólks taldi sig hafa mikla þekkingu á því hvað fælist í áætluninni en einungis um tíundi hver nemandi. Að sama skapi töldu mun fleiri nemendur en starfsfólk sig hafa litla þekkingu á áætluninni, eða tæplega tveir af hverjum þremur nemendum en helmingur starfsfólks⁶⁷. Ekki var munur á þekkingu svarenda eftir kyni, hvorki meðal nemenda⁶⁸ né starfsfólks⁶⁹, en þegar heildarhópurinn var skoðaður kom í ljós að hlutfallslega fleiri töldu sig hafa mikla þekkingu á því hvað fælist í áætluninni í eldri aldurshópunum (35 ára og eldri: 21-27%) en í þeim yngri (34 ára og yngri: 9-11%)⁷⁰.

Tafla 5.29 Hversu mikla eða litla þekkingu telur þú þig hafa á því hvað felst í jafnréttisáætlun Háskóla Íslands? – svör nemenda og starfsfólks HÍ skipt eftir kyni og aldri

	Nemendur				Starfsfólk			
	Frekar eða mjög litla	Hvorki né	Frekar eða mjög mikla	Fjöldi	Frekar eða mjög litla	Hvorki né	Frekar eða mjög mikla	Fjöldi
Allir	69%	22%	9%	251	52%	24%	24%	359
<i>Kyn</i>								
Karlar	72%	18%	11%	74	53%	26%	21%	187
Konur	68%	23%	8%	177	52%	21%	27%	171
<i>Aldur</i>								
20 - 24 ára	70%	21%	10%	105	81%	13%	6%	16
25 - 34 ára	79%	15%	6%	100	65%	14%	20%	49
35 - 44 ára	68%	18%	14%	22	58%	19%	22%	89
45 - 54 ára	29%	53%	18%	17	43%	29%	28%	125
55 ára og eldri	20%	80%	0%	5	49%	25%	26%	100

⁶⁶ $\chi^2(4) = 30,85, p < 0,05$

⁶⁷ $\chi^2(2) = 25,11, p < 0,05$

⁶⁸ $\chi^2(2) = 1,15, p > 0,05$

⁶⁹ $\chi^2(2) = 2,39, p > 0,05$

⁷⁰ $\chi^2(8) = 47,85, p < 0,05$

VI. Samantekt og umræða

Í þessum kafla verða teknar saman helstu niðurstöður úr könnuninni og þær settar í samhengi við niðurstöður rannsókna sem hafa notast við sambærilegar mælingar á einelti og kynferðislegri áreitni.

VI.1 Einelti meðal nemenda og starfsfólks Háskóla Íslands

Í könnuninni var einelti mælt annars vegar með einni almennri mælingu og hins vegar með ákveðnum mælikvarða (*Negative Acts Questionnaire*).

Almenn spurning um einelti

Eftir að hafa lesið skilgreiningu á einelti sem „*síendurteknar meiðandi athugasemdir og/eða athafnir sem standa yfir ákveðið tímabil og sem beint er gegn einstaklingi eða hópi fólks sem á erfitt með að verjast því*“ töldu tæplega 3% nemenda sig hafa orðið fyrir einelti í námi sínu eða í tengslum við nám sitt í HÍ á undangengnum sex mánuðum. Hlutföllin voru sambærileg í hópi starfsfólks, en tæplega 4% starfsfólks töldu sig hafa orðið fyrir einelti í starfi eða í tengslum við það á þessu tímabili.

Í nokkrum erlendum rannsóknum á einelti á vinnustað var sömu eða sambærilegri aðferð beitt, það er þátttakendur lásu sambærilega skilgreiningu á einelti og voru síðan beðnir að taka afstöðu til þess hvort þeir hefðu orðið fyrir einelti í vinnunni yfir sex mánaða tímabil (Einarsen og Skogstad, 1996; Hoel, Cooper og Faragher, 2001; Mikkelsen og Einarsen, 2001). Í rannsókn Mikkelsen og Einarsen (2001) meðal starfsfólks tveggja spítala, framleiðslufyrirtækis og stórverslunar í Danmörku sögðust 2% starfsfólks spítalanna hafa orðið fyrir einelti yfir sex mánaða tímabil, ríflega 3% starfsfólks stórverslunarinnar og 4% starfsfólks framleiðslufyrirtækisins. Í stórrí norskri rannsókn sem náði til félagsmanna mismunandi stéttarfélaganna og starfsfólks nokkurra fyrirtækja, stofnana og tiltekins háskóla sögðust að jafnaði tæplega 9% svarenda hafa orðið fyrir einelti á vinnustað sínum yfir sex mánaða tímabil. Aftur á móti töldu hlutfallslega færri sig hafa orðið fyrir einelti í háskólanum eða 6% (Einarsen og Skogstad, 1996). Í breskri rannsókn meðal starfsfólks 70 fyrirtækja og stofnana sögðust tæplega 11% hafa orðið fyrir einelti á sínum vinnustað yfir sambærilegt tímabil (Hoel, Cooper og Faragher, 2001).

Þegar ályktað er um tíðni eineltis út frá mati svarenda á hvort þeir telji sig hafa orðið fyrir einelti á undangengnum sex mánuðum í tengslum við nám eða starf sitt í Háskóla Íslands má segja að tíðni þess sé nokkuð sambærileg því sem lægst hefur fundist í öðrum rannsóknum.

Mælikvarði á einelti (Negative Acts Questionnaire)

Í erlendum rannsóknum hefur einelti á vinnustöðum verið mælt með sama eða svipuðum mælikvörðum og hér er gert (Einarsen og Raknes, 1997; Hoel, Cooper og Faragher, 2001; Leymann,

1992; Mikkelsen og Einarsen, 2001). Þar hefur einelti verið skilgreint sem það „að einni eða fleirum af þeim athöfnum eða athugasemdum sem kvarðinn inniheldur hafi verið beint gegn viðkomandi *vikulega eða oftari* í að minnsta kosti sex mánuði“, eða einelti hefur verið skilgreint út frá enn strangara viðmiði um að „að minnsta kosti *tveimur* af þeim athöfnum eða athugasemdum sem kvarðinn inniheldur hafi verið beint gegn viðkomandi *vikulega eða oftari* í að minnsta kosti sex mánuði“.

Samkvæmt þessum viðmiðum höfðu um 7% nemenda og starfsfólks orðið fyrir því að einni eða fleirum þessara athafna eða athugasemda hafði verið beint gegn þeim *vikulega eða oftari* á síðastliðnum sex mánuðum. Um 3% nemenda og starfsfólks höfðu hins vegar upplifað að, að minnsta kosti *tveimur* athöfnum var beint gegn þeim *vikulega eða oftari* yfir sama tímabil.

Ofangreint viðmið um einelti var notað í rannsókn Mikkelsen og Einarsen (2001). Meginniðurstaðan var að 8% starfsmanna framleiðslufyrirtækis höfðu orðið fyrir einelti, 16% starfsmanna spítala og 25% starfsfólks stórverslunar ef miðað var við veikara viðmið um einelti. Út frá strangari skilgreiningunni, það er að hafa upplifað að minnsta kosti tvær af þessum athöfnum eða athugasemdum *vikulega eða oftari* höfðu 2,7% starfsmanna framleiðslufyrirtækis orðið fyrir einelti, 2% starfsmanna spítala og 6% starfsfólks stórverslunar. Í sænskri rannsókn Leymann (1992), þar sem sviptaður eineltiskvarði var notaður kom í ljós að 3,5% starfsfólks á sænskum vinnumarkaði höfðu orðið fyrir því að einni eða fleirum tilgreindra athafna hafði verið beint gegn þeim *vikulega eða oftari* í alla vega sex mánuði. Í rannsókn Einarsen og Raknes (1997) meðal um 500 starfsmanna í norsku tæknifyrirtæki höfðu á bilinu 7-13% upplifað að einni eða fleirum athöfnum eða athugasemdum eineltiskvarðans var beint gegn sér *vikulega eða oftari*.

Þegar ályktað er um tíðni eineltis í HÍ út frá eineltiskvarðanum má segja að tíðni þess sé nokkuð svipuð því sem lægst gerist í öðrum rannsóknum.

Neikvæðar athafnir og athugasemdir

Tvær af fjórum neikvæðum athöfnum og athugasemdum sem fólk nefndi helst snérust beint um vinnuálag. Tæplega fjórðungur starfsfólks og þriðjungur nemenda taldi vinnuálag hafa verið óviðráðanlegt öðru hverju eða oftari. Mun fleiri nemendur (23%) en starfsfólk (15%) töldu sig hafa fengið úthlutuð verkefni með óraunhæfum eða ómögulegum markmiðum eða tímamörkum öðru hverju eða oftari á tímabilinu.

Einnig var nokkuð um að fólk nefndi aðrar neikvæðar athafnir sem tengdust starfinu sjálfu. Á bilinu 15-16% nemenda og starfsmanna höfðu fengið fyrirmæli um að vinna verkefni sem þeir töldu ekki samboðin hæfni sinni öðru hverju eða oftari á tímabilinu. Mun fleira starfsmenn (8%) en nemendur (4%) töldu sig hafa verið svipta ábyrgð á mikilvægum verkefnum eða þeim skipt út fyrir léttvægari

eða óþægilegri verkefni. Þá höfðu 6-8% nemenda og starfsfólks orðið fyrir stöðugri gagnrýni á vinnu sína og framlag og 5-8% töldu að fylgst hefði verið óeðlilega mikið með vinnu þeirra í námi eða starfi. Tæplega einn af hverjum tíu hafði upplifað þrýsting um að krefjast ekki einhvers sem væri réttur hans.

Lítið var um að fólk upplifði augljóslega fjandsamlegar athafnir gegn sér. Á bilinu 2-3% nemenda og starfsfólks höfðu upplifað ógrandi hegðun, svo sem fingrabendingar, að komið væri of nálægt sér, sér verið ýtt eða hrint eða staðið væri í vegi þeirra og um 2% starfsfólks og einn nemandi hafði orðið fyrir líkamlegri valdbeitingu eða hótun um ofbeldi eða valdbeitingu. Mun fleiri starfsmenn (9%) en nemendur (5%) höfðu upplifað að öskrað væri á þá eða þeir væru skotspónn reiðikasts.

Á hinn bóginn var nokkuð algengt að nemendur og starfsfólk teldu að öllu duldari fjandsamlegri hegðun hafi verið beint gegn sér, svo sem að öðru hverju eða oftár á tímabilinu hafi verið legið á upplýsingum sem hafði áhrif á frammistöðu þeirra (18-24%), að skoðanir þeirra eða viðhorf hafi verið hunsuð (17-20%) eða að þeir hafi verið hunsaðir eða skildir útundan (15%).

Kynjamunur

Almennt má segja að ekki hafi komið fram munur á hlutfalli karla og kvenna sem höfðu orðið fyrir einelti í námi sínu eða starfi í HÍ. Ekki var munur á hlutfalli karla og kvenna, hvorki meðal nemenda né starfsfólks sem höfðu upplifað að, að minnsta kosti einni athöfn eða athugasemd eineltiskvarðans hafði verið beint gegn sér *vikulega eða oftár* yfir tímabilið. Hins vegar, þegar svarendahópurinn er skoðaður í heild án tillits til þess hvort um nemendur eða starfsfólk ræðir, töldu hlutfallslega fleiri konur en karlar að einni eða fleirum af þessum athöfnum eða athugasemdum hafi verið beint gegn sér *öðru hverju eða oftár*, eða 55% kvenna á móti 46% karla.

Ekki var munur á hlutfalli karla og kvenna, hvorki meðal nemenda né starfsfólks, sem tilteknum neikvæðum athöfnum eða athugasemdum hafði verið beint gegn í starfi, að undanskildum þremur athöfnum meðal starfsfólks. Þannig sögðust hlutfallslega fleiri konur en karlar meðal starfsfólks hafa orðið fyrir því *öðru hverju eða oftár* að legið hafi verið á upplýsingum sem hafði áhrif á frammistöðu þeirra, að þær hafi fengið fyrirmæli um að vinna verkefni sem ekki voru samboðin hæfni þeirra og að þær hafi upplifað óviðráðanlegt vinnuálag.

Rannsóknnum ber almennt saman um að ekki sé kynjamunur á tíðni eineltis (Einarsen og Skogstad, 1996; Kivimäki, Elovainio og Vahtera, 2000; Leymann, 1992; Rayner, 1997; Vartia, 1993).

Aldursmunur

Ekki kom fram munur á einelti eða neikvæðum athöfnum eða athugasemdum tengdum einelti eftir aldri svarenda, hvorki meðal nemenda né starfsfólks. Ekki var munur eftir aldurshópum (20-24 ára,

25-44 ára og 45 ára og eldri) á því hvort fólk taldi að, að minnsta kosti einni af athöfnum eða athugasemdum eineltiskvarðans hafði verið beint gegn sér *vikulega eða oft* á undangengnum sex mánuðum. Aftur á móti höfðu hlutfallslega fleiri í aldurshópnum 20-24 ára og 25-44 ára (54-58%) upplifað að einni eða fleirum af þessum athöfnum eða athugasemdum hafði verið beint gegn sér *öðru hverju eða oft* en í aldurshópnum 45 ára og eldri (42%), þegar hópurinn var skoðaður í heild sinni.

Þegar tíðni einstakra athafna eða athugasemda eineltiskvarðans var skoðuð í heildarhópnum kom í ljós að hlutfallslega fleiri í aldurshópnum 25-44 ára (20%) töldu sig hafa fengið fyrirhæfi um að vinna verkefni *öðru hverju eða oft* sem ekki voru samboðin hæfni þeirra en bæði í hópnum 20-24 ára og 45 ára og eldri (11-12%). Þá höfðu hlutfallslega fleiri í hópnum 45 ára og eldri orðið fyrir ásökunum í sinn garð *öðru hverju eða oft*, eða 12% samanborið við 4-6% í yngri hópnum.

Niðurstöðum annarra rannsókna á þessu sviði ber ekki saman um hvaða aldurshópar verða meira fyrir barðinu á einelti en aðrir (Einarsen og Skogstad, 1996; Quine, 1999; Hoel og Cooper, 2000) og í nokkrum stórum rannsóknum hefur ekki tekist að sýna fram á aldursmun (Kivimäki, Elovainio og Vahtera, 2000; Leymann, 1992).

Annar munur

Munur eftir námssviðum

Ekki kom fram munur eftir námssviðum á hlutfalli nemenda sem hafði upplifað að, að minnsta kosti einni athöfn var beint gegn sér *öðru hverju eða oft*. Í þeim tilvikum sem gögnin uppfylltu forsendur marktektarprófs var almennt heldur ekki munur eftir námssviðum á tíðni tiltekinna neikvæðra athafna, að því undanskildu að hlutfallslega færri nemendur í hugvísindum sögðust hafa upplifað óviðráðanlegt vinnuálag *öðru hverju eða oft* á tímabilinu en á öðrum námssviðum Háskólans.

Munur eftir starfi

Munur kom fram eftir starfi á því hvort fólk hafði upplifað að, að minnsta kosti einni athöfn hafði verið beint gegn sér *öðru hverju eða oft*. Þannig sagðist 63% skrifstofufólks, þjónustusérfræðinga og fólks í tæknistörfum hafa orðið fyrir því, 46% fastra kennara en 30% stundakennara. Einnig höfðu hlutfallslega færri stundakennarar en annað starfsfólk upplifað að, að minnsta kosti einni athöfn hafði verið beint gegn þeim *vikulega eða oft*, eða innan við 2% stundakennara á móti 10-11% fólks í skrifstofustörfum, tæknistörfum, þjónustusérfræðinga og fastra kennara.

Þá kom fram munur eftir starfi á 15 af 22 atriðum eineltiskvarðans. Þannig taldi, oft en ekki, hlutfallslega fleira fólk í skrifstofu- og tæknistörfum og þjónustusérfræðingar að tilteknum neikvæðum athöfnum hafi verið beint gegn sér *öðru hverju eða oft* á undangengnum sex mánuðum, en í hópi fastra kennara og minnst var um slíkt meðal stundakennara.

Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður Björkqvist, Österman og Hjelt-Bäck (1994) sem fundu að þeir sem voru í stjórnslu- og þjónustustörfum innan háskólans skoruðu mun hærra á eineltiskvarða þeirra og féllu frekar í hóp þeirra sem voru skilgreindir sem þolendur eineltis.

Vitni að einelti

Á bilinu 10-13% nemenda og starfsfólks HÍ hafði orðið vitni að einelti í námi sínu eða starfi á síðastliðnum sex mánuðum. Ekki kom fram munur eftir kyni eða aldri á hlutfalli þeirra sem höfðu orðið vitni að einelti á þessu tímabili, hvorki í nemendahópnum né meðal starfsfólks. Þegar heildarhópurinn var skoðaður kom í ljós að hlutfallslega fleiri þeirra sem einni eða fleirum neikvæðum athöfnum eða athugasemdum hafði verið beint gegn öðru hverju eða oftast höfðu orðið vitni að einelti á tímabilinu, eða 19% á móti 4% þeirra sem ekki höfðu upplifað slíkar athafnir eða athugasemdir í sinn garð.

VI.2 Kynferðisleg áreitni meðal nemenda og starfsfólks Háskóla Íslands

Í könnuninni var kynferðisleg áreitni annars vegar mæld með einni almennri mælingu og hins vegar með tilteknum mælikvarða.

Almenn spurning um kynferðislega áreitni

Eftir að hafa lesið skilgreiningu á kynferðislegri áreitni sem „meðvitaðar og/eða endurteknar athugasemdir, athafnir eða líkamleg snerting af kynferðislegum toga sem eru óvelkomnar, ósanngjarnar, móðgandi og/eða særandi fyrir þann sem verður fyrir þeim“ töldu tæplega 3% nemenda og ríflega 1% starfsfólks sig hafa verið þolendur kynferðislegrar áreitni í HÍ á síðastliðnum sex mánuðum. Ekki var því munur á hlutfalli nemenda og starfsfólks sem taldi sig þolendur kynferðislegrar áreitni.

Í rannsókn Einarsen og Sørum (1996) meðal kvenna í tveimur fyrirtækjum í Noregi og ánu í Bandaríkjunum töldu 36% bandarísku kvennanna að þær hefðu mátt þola kynferðislega áreitni á vinnustaðnum á undangengnum sex mánuðum en tæplega 5% norsku kvennanna. Samanborið við niðurstöður þessarar rannsóknar má því álykta að kynferðisleg áreitni sé nokkuð fátíð í Háskóla Íslands.

Mælikvarði á kynferðislega áreitni

Alls höfðu ríflega 14% starfsfólks og 16% nemenda upplifað að einni eða fleirum þeirra 11 athafna eða athugasemda sem spurt var um í kvarðanum fyrir kynferðislega áreitni hafði verið beint gegn sér *einu sinni eða oftast* á undangengnum sex mánuðum. Tæplega 8% starfsfólks og 7% nemenda töldu hins vegar að einni eða fleirum þessara athafna eða athugasemda hafi verið beint gegn sér *tvisvar sinnum eða oftast* á tímabilinu.

Í rannsókn Einarsen og Sørnum (1996) höfðu 60% bandarísku svarendanna upplifað að einni eða fleirum þeirra 11 athafna eða athugasemda sem spurt var um í kvarðanum fyrir kynferðislega áreitni hafi verið beint gegn sér *einu sinni eða oft* á undangengnum sex mánuðum en 27% norsku svarendanna. Þessi hlutföll eru því umtalsvert hærri en í Háskóla Íslands.

Neikvæðar athafnir og athugasemdir af kynferðislegum toga

Á bilinu 7-8% nemenda og starfsfólks hafði orðið fyrir því að athugasemdum um líkama þeirra, klæðnað, eða lífsstíl sem þeir kærðu sig ekki um hafði verið beint gegn sér einu sinni eða oft á síðastliðnum sex mánuðum. Á bilinu 3-5% nefndu gláp eða óþægilegt augntillit af kynferðislegum toga og að hafa séð myndir og annað niðrandi efni sem þeir kærðu sig ekki um. Einn nemandi og einn starfsmaður hafði verið krafinn um kynferðislegt samneyti sem hann kærði sig ekki um og einn starfsmaður og einn nemandi sagðist hafa orðið fyrir kynferðislegri valdbeitingu, tilraun til nauðgunar eða nauðgun einu sinni á tímabilinu.

Kynjamunur

Almennt má segja að ekki hafi komið fram kynjamunur á tíðni kynferðislegrar áreitni. Hvorki meðal nemenda né starfsfólks var munur á hlutfalli karla og kvenna sem töldu sig þolendur kynferðislegrar áreitni í námi sínu eða starfi í HÍ á undangengnum sex mánuðum, né þeim sem töldu að einni eða fleirum af 11 athöfnum áreitniskvarðans hafi verið beint gegn sér *einu sinni eða oft* yfir tímabilið.

Þá reyndist almennt ekki vera munur á hlutfalli karla og kvenna sem höfðu upplifað að tilteknum athöfnum eða athugasendum kynferðislegrar áreitni var beint gegn sé. Þó höfðu fleiri Konur (5%) orðið fyrir glápi eða óþægilegu augntilliti af kynferðislegum toga *einu sinni eða oft* á tímabilinu en karlar (1%).

Aldursmunur

Ekki kom fram aldersmunur, hvorki meðal nemenda né starfsfólks, á því hvort fólk hafði orðið fyrir kynferðislegri áreitni í HÍ á síðastliðnum sex mánuðum þegar tilteknar athafnir áreitniskvarðans voru skoðaðar. Ekki var heldur munur eftir aldurshópum á hlutfalli þeirra sem einni eða fleirum af þeim 11 athöfnum eða athugasemdum hafði verið beint gegn *einu sinni eða oft*.

Aftur á móti kom fram nokkur aldersmunur á tíðni kynferðislegrar áreitni þegar hópurinn var skoðaður í heild sinni. Munur kom fram á hlutfalli þeirra sem töldu að einni eða fleirum af þeim 11 athöfnum eða athugasemdum af kynferðislegum toga hafa verið beint gegn sér *einu sinni eða oft* á undangengnum sex mánuðum. Átti það við um á bilinu 16-19% nemenda og starfsfólks á aldrinum 20-44 á móti riflega 8% þeirra sem eldri voru. Yfirleitt var ekki munur eftir aldri á einstökum atriðum

kvarðans í heildarhópnum. höfðu hlutfallslega fleiri í aldurshópnum 20-24 ára og 25-44 ára fundið fyrir glápi eða óþægilegu augntilliti af kynferðislegum toga *einu sinni eða oftar* yfir tímabilið (5-6%) samanborið við 45 ára og eldra (innan við 1%).

Annar munur

Ekki var munur eftir námssviðum á hlutfalli nemenda sem hafði upplifað, að minnsta kosti einni athöfn var beint gegn þeim *einu sinni eða oftar* á undanförunum sex mánuðum.

Vitni að kynferðislegri áreitni

Alls höfðu 5 nemendur, eða 2%, orðið vitni að kynferðislegri áreitni í námi sínu í HÍ eða í tengslum við nám sitt á undangengnum sex mánuðum og um 4% starfsfólks. Þegar hópurinn var skoðaður í heild sinni kom í ljós að ekki var munur á hlutfalli þeirra sem höfðu orðið vitni að kynferðislegri áreitni eftir kyni eða aldri vitnisins.

VI.3 Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands

Hlutfallslega mun fleira starfsfólk en nemendur höfðu heyrt um jafnréttisáætlun HÍ, eða fjórir af hverjum fimm starfsmönnum á móti þremur af hverjum fimm nemendum. Ekki var munur eftir kyni, hvorki meðal nemenda né starfsfólks en hlutfall þeirra sem höfðu heyrt um áætlunina jókst með aldri, þegar heildarhópurinn var skoðaður.

Hlutfallslega mun fleira starfsfólk en nemendur taldi sig hafa mikla þekkingu á því hvað fælist í jafnréttisáætlun HÍ, eða um fjórðungur starfsfólks og um tíundi hver nemandi. Ekki var munur á þekkingu svarenda eftir kyni, hvorki meðal nemenda né starfsfólks, en í heildarhópnum töldu hlutfallslega fleiri sig hafa mikla þekkingu á því hvað fælist í áætluninni í eldri aldurshópnum (35 ára og eldri) en í þeim yngri (34 ára og yngri).

VI.4 Um áhrif svarhlutfalls og samsetningu úrtaks

Í þessari könnun svöruðu 40% nemendaúrtaksins og 60% úrtaks starfsfólksins. Æskilegt væri að svarhlutfallið hefði verið hærra í nemendahópnum en svarhlutfallið er viðunandi fyrir starfsfólk. Nokkrar eðlilegar skýringar eru á svöruninni. Fyrir það fyrsta er hér um póstkönnun að ræða en í slíkum könnunum reynist oft erfitt að fá hátt svarhlutfall. Einnig hefur í erlendum rannsóknum á þessu sviði oft reynst erfitt að fá viðunandi svarhlutfall. Einkum á þetta við um þær rannsóknir sem hafa verið gerðar á einstökum eða minni vinnustöðum þar sem gegnsæi er mikið og upplýsingar tiltölulega auðrekanlegar til svarenda. Fræðimenn á þessu sviði eru ekki á eitt sáttir um hvort að tiltölulega lágt svarhlutfall bendi til þess að tíðni neikvæðra samskipta af því tagi sem hér er fjallað um sé ofmetin eða vanmetin (sjá umfjöllun í Andrea G. Dofradóttir, 2001).

Við samanburð á samsetningu þýðis og úrtaks kom í ljós að samsetning svarendahópsins er að mestu í góðu samræmi við þýðið. Þó eru hlutfallslega fleiri kvennemendur og nemendur í hjúkrunarfræðideild í svarendahópnum en í þýðinu og hlutfallslega færri kennarar, einkum stundakennarar, eru í hópi svarenda en hlutfall þeirra í þýðinu segir til um. Erfitt er að spá fyrir um hvort og þá hver áhrif þessa eru. Hins vegar má segja að þar sem ekki reyndist vera tölfræðilega marktækur munur á hlutfalli kvenna og karla sem orðið höfðu fyrir einelti eða kynferðislegri áreitni í nemendahópnum sé mat á tíðni eineltis og áreitni ekki skekkt með tilliti til þessa. Aftur á móti er ekki ólíklegt að þar sem einelti var nokkuð fátíðara meðal kennara, einkum stundakennara, megi álykta sem svo að tíðni eineltis meðal starfsfólks sé hugsanlega ofmetin þar sem hlutfall kennara og þá einkum stundakennara meðal svarenda var lægra en í þýðinu.

VII. Heimildir

- Agervold, M. og Mikkelsen, E. G. (1999). Mobning i en arbejdsmiljøpsykologisk kontekst. *Arbejdspsykologisk Bulletin*, 10, 17-56.
- Andrea G. Dofradóttir (2001). *Interpersonal conflicts and mobbing at work. Empirical findings on its occurrence, antecedents, and impact on health and well-being*. Unpublished master's thesis, University of Copenhagen, Denmark.
- Björkqvist, K., Österman, K. og Hjelt-Bäck, M. (1994). Aggression among university employees. *Aggressive Behavior*, 20, 173-184.
- Dofradóttir, A.G. og Høgh, A. (2002). *Mobning på arbejdspladsen. En kritisk gennemgang af dansk og international forskningslitteratur*. (AMI Dokumentation 10). Danmark: Arbejdsmiljøinstituttet.
- Einarsen, S. (2000). Harassment and bullying at work: A review of the Scandinavian approach. *Aggression and Violent Behavior*, 5 (4), 379-401.
- Einarsen, S. og Raknes, B. I. (1997). Harassment in the workplace and the victimization of men. *Violence and Victims*, 12, 247-263.
- Einarsen, S. og Skogstad, A. (1996). Bullying at work: Epidemiological findings in public and private organizations. *European Journal of Work and Organizational Psychology*, 5 (2), 185-201.
- Einarsen, S. og Sørum, D. R. (1996). Arbeidskamerat eller sex-objekt? En krysskulturell studie av seksuell trakassering i arbeidslivet. *Nordisk Sexologi*, 14, 17-33.
- Frese, M. og Zapf, D. (1988). Methodological issues in the study of work stress: Objective vs. subjective measurement of work stress and the question of longitudinal studies. In C. L. Cooper og R. L. Payne (Eds.), *Causes, Coping, and Consequences of Stress at Work* (pp. 371-411). Chichester, UK: John Wiley & Sons.
- Hoel, H. og Cooper, C. L. (2000). *Destructive conflict and bullying at work*. Manchester, UK: University of Manchester Institute of Science and Technology (UMIST).
- Hoel, H., Cooper, C.L., og Faragher, B. (2001). The experience of bullying in Great Britain: The impact of organizational status. *European Journal of Work and Organizational Psychology*, 10 (4), 443-465.
- Hoel, H., Rayner, C. og Cooper, C. L. (1999). Workplace bullying. In C. L. Cooper og I. T. Robertson (Eds.), *International Review of Industrial and Organizational Psychology* (pp. 195-230). Chichester, UK: John Wiley & Sons.
- Kivimäki, M., Elovainio, M. og Vahtera, J. (2000). Workplace bullying and sickness absence in hospital staff. *Occupational Environmental Medicine*, 57, 656-660.
- Kristensen, T. S. (1996). Job stress and cardiovascular disease; A theoretic critical review. *Journal of Occupational Health Psychology*, 1 (3), 246-260.
- Leymann, H. (1992). *Vuxenmobbing på svenska arbetsplatser. En rikstäckande undersökning med 2428 intervjuer* (Delrapport 1 om frekvenser). Stockholm: Arbetarskyddsstyrelsen.
- Mikkelsen, E.G. og Einarsen, S., (2001). Bullying in Danish work-life: Prevalence and health correlates. *European Journal of Work and Organizational Psychology*, 10 (4), 393-413.

Quine, L. (1999). Workplace bullying in NHS community trust: Staff questionnaire survey. *British Medical Journal*, 318, 228-232.

Rayner, C. (1997). The incidence of workplace bullying. *Journal of Community and Applied Social Psychology*, 7, 199-208.

Vartia, M. (1993). Psychological harassment (bullying, mobbing) at work. In K. Kauppinen-Toropainen (ed.), *OECD Panel Group on Women, Work, and Health*. Helsinki: Ministry of Social Affairs and Health.

VIII. Viðaukar

1. Spurningalisti sem lagður var fyrir nemendur HÍ
2. Spurningalisti sem lagður var fyrir starfsfólk HÍ



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**KÖNNUN Á LÍÐAN OG
SAMSKIPTUM
NEMENDA OG STARFSFÓLKS
HÁSKÓLA ÍSLANDS**

**Rannsókn á vegum Jafnréttisnefndar Háskóla Íslands
í samvinnu við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands**

Reykjavík, 14. apríl 2003

Ágæti nemandi Háskóla Íslands.

Nafn þitt kom upp í 1200 manna slembiúrtaki nemenda og starfsmanna Háskóla Íslands. Meðfylgjandi er könnun á líðan þinni og samskiptum í námi þínu í Háskóla Íslands. Rannsóknin er á vegum Jafnréttisnefndar Háskóla Íslands og er unnin í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.


Tilgangur könnunarinnar er að afla upplýsinga um líðan og samskipti nemenda og starfsfólks háskólans. Mikilvægt er að fá upplýsingar um samskipti af neikvæðum toga. Hér er sérstaklega átt við einelti og kynferðislega áreitni þar sem slíkt getur haft í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir þann sem fyrir því verður, auk þess að spilla vinnuumhverfi nemenda og starfsfólks háskólans. Því fleiri sem svara könnuninni, því skýrari verða niðurstöðurnar og því betri mynd fæst á samskiptum nemenda og starfsfólks, sem er forsenda fyrir úrbótum þar sem þeirra er þörf.

Athugaðu að þér er ekki skylt að svara einstökum spurningum né spurningalista-
listanum í heild. Okkur þætti hins vegar vænt um ef þú gætir svarað öllum þeim spurningum sem eiga við um þig. Ekki er hægt að rekja svör til einstaklinga og nafn þitt mun að sjálfsögðu hvergi koma fram við úrvinnslu könnunarinnar.

Könnunin er ekki mjög löng og ætti að taka um 10-15 mínútur að svara henni. Vinsamlegast fylltu út spurningalistann og sendu okkur eins fljótt og unnt er. Meðfylgjandi er umslag sem má setja ófrímerkt í næsta póstkassa.

Ábyrgðarmaður könnunarinnar er Friðrik H. Jónsson, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar. Ef einhverjar spurningar vakna í sambandi við könnunina er hægt að hafa samband við Friðrik eða Andreu G. Dofradóttur í síma 525-4545.

Með von um góð viðbrögð,



forstöðumaður Félagsvísindastofnunar
Friðrik H. Jónsson

Í spurningunum hér á eftir er spurt um samskipti þín í námi þínu eða í tengslum við nám þitt í Háskóla Íslands. Í þessum spurningum er átt við samskipti þín við kennara þína, annað starfsfólk og nemendur í Háskóla Íslands. Það er því mikilvægt að þú hafir alla þessa hópa í huga þegar þú svarar spurningunum.

1. Eftirfarandi athafnir eru oft taldar dæmi um neikvæða hegðun í námsumhverfinu.

Hversu oft á síðastliðnum 6 mánuðum hefur eftirfarandi athöfnum eða athugasemdum verið beint gegn þér í námi þínu eða í tengslum við nám þitt í Háskóla Íslands:

	<i>Aldrei</i>	<i>Öðru hverju</i>	<i>Mánaðarlega</i>	<i>Vikulega</i>	<i>Daglega</i>
a) Að legið var á upplýsingum sem hafði áhrif á frammistöðu þína.....	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄	<input type="checkbox"/> ₅
b) Að gert var lítið úr þér eða hæðst að þér í tengslum við nám þitt.	<input type="checkbox"/> ₁	<input type="checkbox"/> ₂	<input type="checkbox"/> ₃	<input type="checkbox"/> ₄	<input type="checkbox"/> ₅
